



www.fleet.vdo.com

Stafrænn ökuriti – DTCO[®] 1381

Release 2.1 – 2.2

Notkunarleiðbeiningar atvinnurekandi & ökumaður 



VDO

Kæri notandi,
stafræni ökuritinn **DTCO 1381** og kerfishlutar hans er EB-efirlitsbúnaður og samræmist tækniforskrift samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3821/85 viðauka I B, í nágildandi útgáfu Gögnin sem unnið er úr hjálpa ...

- ökumanninum að halda sig við reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna
- og sjá atvinnurekandanum (með sérstökum hugbúnaði) fyrir nothæfum upplýsingum um álag á ökumann og ökutæki.



Þessar notkunarleiðbeiningar eru ætlaðar **atvinnurekanda** og **bílstjórum** og lýsa rétttri notkun DTCO 1381 samkvæmt reglugerð. Lesið leiðbeiningarnar vandlega og kynnið ykkur eiginleika DTCO 1381.

Nánari upplýsingar um DTCO 1381 sem og vistföng tengiliða er hægt að finna á neti undir: **www.fleet.vdo.com**

Góða ferð!

Continental Automotive GmbH

© 04.15 by Continental Automotive GmbH

Ábyrgð á efni leiðbeininganna ber:

Continental Automotive GmbH
P.O. Box 1640
78006 Villingen-Schwenningen
GERMANY

Breytingar á tæknilegum atriðum gagnvart lýsingum, upplýsingum og myndum í þessum notkunarleiðbeiningum eru áskildar. Öll eftirprentun, þýðing og afritun er óheimil án skriflegs leyfis útgefanda.

Release-yfirlit	6	Birting tilkynninga á skjá	20	Halda vakt áfram og færa athafnir fremst á vakt	36
Almennar upplýsingar	1	Frágangsstaða	20	Athafnir stilltar	37
Merkingar	8	Out of scope	20	Handvirk stilling	37
Notkun DTCO 1381	9	Ferju- eða lestarferð	20	Sjálfvirk stilling	37
Lagaleg ákvæði	10	Viðbrögð við undir- / yfirspennu	21	Sjálfvirk stilling eftir ræsingu á eða af *	37
Skyldur ökumanns	10	Straumrof	21	Athafnir handskrifaðar	38
Skyldur atvinnurekanda	11	Fyrirtæki	3	Hlaða niður upplýsingum á ökumannskortinu	39
Meðhöndlun útprintana	11	Virgni fyrirtækiskortsins	24	Ökumannskort tekið úr	40
Meðhöndlun ökuritakorta	12	Valmyndaraðgerðir í "fyrirtækisham"	24	Valmyndarleidsögn eftir að ökumannskort er tekið úr	41
Ökuritakort hreinsuð	12	Fyrirtækiskortið sett í	25	Skipt um ökumann/ökutæki	42
Inngangur	2	Slá inn skráningarnúmer	26	Gögn sem þurfa að vera til reiðu ...	43
Upplýsingar á skjá og stjórnbúnaður	14	Niðurhal gagna undirbúið	27	Meðferð prentara	5
Stutt lýsing	15	Fyrirtækiskortið tekið úr	28	Ný rúlla sett í	46
Fyrstu notkunarskrefin	17	Aksturshamur	4	Gögn prentuð út	47
Fyrir atvinnurekanda	17	Ökumannskort sett í	30	Prentun hafin	47
Fyrir ökumann	17	Handvirkar innfærslur	30	Prentun stöðvuð	47
Mismunandi upplýsingar á skjá	18	Leiðréttingamöguleikar	32	Atriði sem huga þarf að við útprintun	48
Biðhamur	18	Land fært inn á meðan á handvirkri innfærslu stendur	33	Pappírstífla lagfærð	48
VDO GeoLoc *	18	Hætt við innslátt	33		
Leiðbeiningar eftir kveikt/slökkt	18	Færa inn athöfnina "Hvíldartími" eftirá	34		
Venjuleg(ar) skjámynd(ir)	19	Vakt haldið áfram	35		
Birting gagna þegar ökutækið er kyrrstætt	19				

Valmyndaraðgerðir	6	Aðalvalmynd Útþrentun Ökutæki ..	60	Boð	7
Valmyndaraðgerðir kallaðar fram ...	50	Dagsgildi prentað út úr minninu	60	Boð birtast	68
Ef ökutækið er kyrrstætt	50	Atvik prentuð út úr minninu	60	Einkenni boða	68
Upplýsingar við upphaf aksturs	50	Yfirhraði prentaður út	60	Boð staðfest	69
Tímar á öikumannskortinu birtir	51	Tæknilegar upplýsingar		Yfirlit yfir atvik	70
Tungumál stillt	51	prentaðar út	60	Yfirlit yfir bilanir	72
VDO Counter *	52	Prenta v-skýringarmynd	61	Aksturstímaaðvaranir	74
Uppbygging skjámyndar		Prenta stöðu D1/D2 *	61	Yfirlit yfir ábendingar um notkun ..	75
VDO Counter	52	Hraðayfirlit prentuð út *	61		
Upplýsingar meðan á akstri		Snúningshraðayfirlit prentuð út *	61		
stendur	53	Aðalvalmynd Innfærsla		Vörulýsing	8
Skjámyndir við aðgerðina "hlé"	54	Ökumaður-1 / Ökumaður-2	62	Hamir DTCO 1381	80
Skjámynd við aðgerðina		Upphafs Land fært inn	62	Ökuritakortin	81
"vinnutími"	54	Lok Land fært inn	62	Öikumannskort	81
Sýna dagleg gildi	55	Aðalvalmynd Innfærsla Ökutæki ...	63	Fyrirtækiskort	81
Sýna vikugildi	55	Out Byrjun / Lok fært inn	63	Eftirlitskort	81
Stöðuvísir	55	Byrjun Ferja / Lest fært inn	63	Verkstæðiskort	81
Yfirlit yfir uppbyggingu		Staðartími stilltur	64	Læsa ökuritakortunum	81
valmyndar	56	Leiðrétting gerð á UTC	64	Aðgangsheimildir að	
Vafrað í valmyndaraðgerðunum	57	Aðalvalmynd Upplýsingar á skjá		ökuritakortunum	82
Aðgengi að valmynd læst!	58	Ökumaður-1 / Ökumaður-2	65	Vistuð gögn	83
Farið úr valmyndaraðgerðum	58	Aðalvalmynd Upplýsingar á skjá		Öikumannskort	83
Aðalvalmynd Útþrentun		Ökutæki	66	Fyrirtækiskort	83
Ökumaður-1 / Ökumaður-2	59			Aðalminni	83
Dagsgildi prentað út	59			VDO GeoLoc *	83
Atvik prentuð út	59				
Prenta athafnir	59				

Tímastjórnun	84	Staða D1/D2 skýringamynd *	98	Ath.	117
Umreikningur í UTC-tíma	84	Hraðayfirlit *	99	EC Declaration of Conformity	119
Viðhald	85	Snúningshraðayfirlit *	99		
DTCO 1381 hreinsaður	85	Útprentun á staðartíma	99		
Prófunarskylda fyrir ökurita	85				
Ráðstafanir þegar gert er við / skipt um DTCO 1381	85	Útskýringar við dæmin um útprentun	100		
Förgun íhluta	85	Skýringar við gagnabálkana	100		
Tæknilegar upplýsingar	86	Tilgangur gagnamengis þegar atvik eða bilanir koma fyrir	107		
DTCO 1381	86	Kóðun Tilgangur gagnamengis	107		
Pappírsrúlla	86	Kóðun fyrir nánari lýsingu	109		

Myndtákn og dæmi um útprentun

9

Yfirlit yfir myndtákn	88
Samsetningar myndtákna	89
Kennimerki landa	91
Svæðisauðkenni	92
Dæmi um útprentun	93
Dagsútprentun ökumannskort	93
Atvik / bilanir á ökumannskorti	94
Dagsútprentun ökutækis	95
Atvik / bilanir frá ökutæki	96
Yfirhraði	97
Tæknilegar upplýsingar	97
Athafnir ökumanns	98
v-skýringamynd	98



Viðauki


A

Atriðisorðaskrá	111
Sjálfvirk stilling virkninnar efir ræsingu á/af	114
Fylgihlutir	115
DLKPro Download Key- niðurhalslykill	115
DLKPro TIS-Compact-lesari	115
DTCO® SmartLink-tenging	115
DTCO® GeoLoc	115
DLD® Short Range II og DLD® Wide Range	115
Hreinsiskífur og hreinsiklútar	115
DTCO® Update-uppfærsluskífur ..	116

■ Release-yfirlit

Þessar vottuðu notkunarleiðbeiningar eiga við um eftirfarandi gerð af ökurita DTCO 1381:

Release-staða (sétt á tegundamerki)	Viðurkennd notkunarleiðbeining	Merkt atriði í þjónustunni
 <p>Rel. 2.1</p>	BA00.1381.21 100 120	<ul style="list-style-type: none"> • Valmyndalýsingu breytt þegar ökumanskort er sett í. • valmyndir birtast eftir því hvaða kort eru sett í. • VDO GeoLoc: Valkvæð skráning á upplýsingum um staðsetningu og ökutæki. • Ábending þegar kort er tekið út um að niðurhal af ökumanskorti sé tímabært.
 <p>Rel. 2.2</p>	BA00.1381.22 100 120	<p>Núverandi notkunarleiðbeiningar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skjár með einum stjórnhnappi fyrir stillingu á aðgerðum og skifuútfærslu; ➔ <i>sjá síðu 14.</i> • Rýmkuð tilvísun með því að tilgreina skráningarnúmer; ➔ <i>sjá síðu 26.</i> • Tilkynning núverandi aðgerðar í VDO Counter; ➔ <i>sjá síðu 52.</i>

 Þessar notkunarleiðbeiningar henta ekki fyrir eldri tækjagerðir!

Almennar upplýsingar

Merkingar

Notkun DTCO 1381

Lagaleg ákvæði

Meðhöndlun ökuritakorta

Service only!

1

■ Merkingar

Í þessum notkunarleiðbeiningum eru eftirfarandi áherslumerkingar notaðar:



Viðvörðun

Viðvaranir vara við mögulegri slyshættu.



Athugið!

Í textanum við hliðina á eða undir þessu merki koma fram mikilvægar upplýsingar til að koma í veg fyrir gagnatap, skemmdir á tækinu og til að fylgja lagalegum kröfum.



Ábending

Þessu tákni fylgja ráðleggingar eða upplýsingar, en sé ekki farið eftir þeim getur það leitt til bilana.



Þókin tákna að vísað sé í önnur gögn.

Aðgerðaröð

1. Þetta tákn merkir að gera eigi eitthvað ákveðið. Eða að notandinn er leiddur skref fyrir skref gegnum valmyndina og beðinn um að slá eitthvað inn.
2. Frekari aðgerðir eru í vaxandi númeraröð.


Tákn

- * Stjarnan auðkennir aukabúnað.
Athugasemd: Fylgið leiðbeiningum um ADR-gerðina "Ⓢ" og valkostinn "Sjálfvirk stilling virknipátta eftir ræsingu á eða af" þar sem það eru nokkrar aðgerðir sem eru aðeins mögulegar þegar svissað er á!

VDO Counter (teljarinn) styður við daglegt og vikulegt skipulag þitt á meðan á "akstri" stendur.

- ➔ Þetta tákn gefur til kynna á hvaða síðu er að finna frekari upplýsingar um efnið.
- 🔍 Þetta tákn gefur til kynna að framhald sé á næstu síðu.

Valmynd



Blikkandi línur eða tákn í valmyndinni eru með *skáletrun* (1) í þessum notkunarleiðbeiningum.

Skilgreiningar

- Ökumaður-1** = Sá sem stýrir ökutækinu í augnablikinu eða mun stýra því.
- Ökumaður-2** = Sá sem ekki stýrir ökutækinu.

■ Notkun DTCO 1381



Slysaþætta

Meðan á akstri stendur geta birst tilkynningar á skjánum. Einnig er mögulegt að ökumanskortinu sé kastað út sjálfvirkt.

Mikilvægt er að ökumaður láti það ekki trufla sig og beini ávallt allri athygli sinni að umferðinni.



Hætta á meiðslum

Opin prentaraskúffa getur valdið meiðslum á notanda eða öðrum. Opnið prentaraskúffuna aðeins til að setja pappírsmál.

Ef mikið hefur verið prentað getur hitaprenthausinn verið mjög heitur! Bíðið eftir því að prenthausinn kólni áður en ný pappírsmál er sett í.



Sprengihætta

DTCO 1381 ADR-gerðin * er hönnuð fyrir notkun í sprengifimu umhverfi.

Vinsamlegast athugið leiðbeiningar um flutning og stjórnun á hættulegum varningi í sprengifimu umhverfi.



Til þess að koma í veg fyrir skemmdir á DTCO 1381 skal fylgja eftirfarandi leiðbeiningum!

- DTCO 1381 er settur upp og innsiglaður af starfsmönnum sem hafa tilskilin réttindi. **Vinsamlegast gerið engar breytingar á tækinu eða leiðslunum.**
- Setjið ekki önnur kort, til dæmis greiðslukort, kort með upphleyptu letri eða málmkort í kortaraufina. Þau valda skemmdum á kortarauf DTCO 1381!

- Notið aðeins samþykktar tegundir og þær pappírsmál sem framleiðandinn mælir með (original VDO prentarapappír). Gætið að skráningarmerkinu.
 - ➔ *Nánari upplýsingar sjá "Pappírsmál" á síðu 86.*
- Styðjið ekki á hnappana með oddhvössum hlutum, s.s. pennum.
- Hreinsið tækið með lítillega rökum klút eða með microfíber-hreinsklút. (Fáanlegt hjá viðeigandi dreifiaðila & þjónustustöð.)
 - ➔ *Sjá "Viðhald" á síðu 85.*



Læsingar og innsigli (frá útgáfu 2.2) á DTCO 1381 má ekki skadda. Annars er ekki hægt að viðurkenna DTCO 1381 og gögnin ekki lengur trúverðug.

■ Lagaleg ákvæði



Varðað getur við lög að gera breytingar á ökuritanum eða leiðslum hans sem hafa áhrif á skráningu og vistun ökuritans, sérstaklega ef það er gert í blekkingarskyni.

Óheimilt er að falska, leyna eða eyða skráningum ökuritans, ökuritakortunum eða útprentuðum gögnum.

Lagalegur grunnur

Um notkun ökurita gildir sem stendur sú gerð EB-reglugerðarinnar 3821/85 sem er gild hverju sinni ásamt EB-reglugerð RG (EB) nr. 561/2006 sem og viðeigandi landslögum. Hún leggur ákveðnar skyldur og ábyrgð á ökumanninn og umráðamann ökutækisins (atvinnurekanda). Eftirfarandi upptalning er hvorki tæmandi né hefur hún lagagildi!

► Skyldur ökumanns

- Ökumanninum ber að gæta þess að ökumanskortið og ökuritinn séu notuð á tilskilinn hátt.
- Viðbrögð við bilunum ökuritans:
 - Ökumaðurinn þarf að skrá niður á sérstakt blað eða á bakhlið pappírslullunar þær aðgerðir þar sem upplýsingarnar sem ökuritinn skráir eða prentar ekki lengur villulaust.
 - ➔ Sjá *“Athafnir handskrifaðar” á síðu 38.*
 - Ef ekki er unnt að koma ökutæki til fyrirtækis á innan við viku, ber að fara með hann á verkstæði með tilskilin leyfi.
- Þegar um er að ræða blandaðan rekstur (notkun ökutæka með skífu og stafrænum ökurita) ber að hafa tilskilin gögn meðferðis.
 - ➔ Sjá *“Skipt um ökumann/ökutæki” á síðu 42.*
- Ef ökumanskortið týnist, er stolið, skemmist eða bilar ber ökumanninum að prenta út dagsútprentun úr DTCO 1381 í upphafi aksturs og að akstri loknum og merkja hana með persónuupplýsingum sínum. Ef nauðsynlegt er verður að bæta við tíma í viðbragðsstöðu og öðrum vinnustundum með eigin hendi.
 - ➔ Sjá *“Athafnir handskrifaðar” á síðu 38.*
- Ef ökumanskortið skemmist eða bilar ber að afhenda það viðeigandi yfirvöldum, eða tilkynna það í samræmi við reglur ef það tapast. Sækja skal um varakort innan sjö daga.
- Án ökumanskorts er leyfilegt að halda akstrinum áfram í 15 daga, ef það er nauðsynlegt til að flytja ökutækið aftur til fyrirtækisins.
- Umsvifalaust ber að tilkynna viðeigandi yfirvöldum um nákvæmar ástæður þess að annað yfirvald aðildarríkjanna endurnýjar eða skiptir um ökumanskortið.



- Ökumaður verður að hafa ökumannskortið í bílnum a.m.k. í 28 daga (samkvæmt reglugerðum í Þýskakandi) eftir að það rennur út.
 - ▶ **Skyldur atvinnurekanda**
 - Eftir flutning á ökutækinu skal sjá til þess að kvörðunargögnin, s.s. aðildarríkið sem veitir leyfi og opinbert auðkenni, séu tafarlaust uppfærð af verkstæði sem hefur til þess leyfi.
 - Þegar fyrirtækjakortið er stungið er e.t.v. beðið um að slá inn aðildarríki og opinbert skráningarnúmer farartækisins í DTCO 1381.
 - ➔ Sjá “Slá inn skráningarnúmer” á síðu 26.
 - Skráið fyrirtækið í DTCO 1381 ökuritanum þegar farartækið er tekið í notkun eða þegar því er lagt.
 - ➔ Nánari upplýsingar sjá “Fyrirtækiskortið sett í” á síðu 25.
 - Gangið úr skugga um að nægilega margar pappírsmúllur af leyfilegri gerð séu til staðar í ökutækinu.
 - Fylgist með því að ökuritinn virki snurðulaust. Gætið þess að yfirfara ökuritann með því millibili sem lög segja fyrir um. (Reglubundin prófun skal fara fram a.m.k. annað hvert ár.)
 - Hlaðið reglulega gögnunum niður úr minni DTCO 1381 sem og úr ökumannskortunum og vistið gögnin á þann hátt sem lög segja fyrir um.
 - Látið eingöngu verkstæði sem hafa tilskilin leyfi framkvæma viðgerðir og kvarðanir.
 - ➔ Nánari upplýsingar sjá “Prófunarskylda fyrir ökurita” á síðu 85.
 - Fylgist með því að ökumennirnir noti ökuritann í samræmi við reglur. Athugið aksturs- og hvíldartíma með reglulegu millibili og bendið á frávik ef einhver eru.
- ▶ **Meðhöndlun útprentana**
- Sjáið til þess að útprentanirnar skemmist ekki (verði ólæsilegar), hvorki vegna ljós- eða sólargeisla né vegna bleytu eða hita.
 - Umráðamanni bifreiðarinnar/atvinnurekanda ber að varðveita útprentanirnar í að minnsta kosti eitt ár.

1

■ Meðhöndlun ökuritakorta

Að hafa ökuritakort undir höndum veitir leyfi til að nota DTCO 1381. Lög segja fyrir um notkunarsvið og aðgangssleyfi.

➔ Sjá "Ökuritakortin" á síðu 81.



Ökumannskortið er persónubundið. Með því auðkennir ökumaðurinn sig gagnvart DTCO 1381.

Fleiri en einn geta ekki notað sama ökumannskort!



Fyrirtækiskortið er ætlað fyrir eigendur og umráðamenn ökutækja með innbyggðum stafrænum ökurita og það má ekki afhenda "öðrum aðilum".

Fyrirtækiskortið er ekki ætlað fyrir akstur!



Farið varlega með ökuritakortið og fylgið leiðbeiningum útgefanda fyrir ökuritakort til að koma í veg fyrir gagnatap.

- Beygið hvorki né brjótið upp á ökuritakortið eða notið það í öðrum tilgangi.
- Notið ekki skemmd ökuritakort.
- Haldið snertiflötum hreinum, þurrum og lausum við feiti og olíu (geymið alltaf í hlíf).
- Forðist beint sólarljós (látið kortið ekki liggja á mælaborðinu).
- Leggið kortið ekki í námunda við sterk rafsegulsvið.
- Notið kortið ekki lengur en gildistíminn segir til um, þ.e. sækið um nýtt ökuritakort tímanlega.

► Ökuritakort hreinsuð

Hreinsið óhrein tengi ökuritakortsins með lítilliga rökum klút eða með microfíber-hreinsiklút. (Fáanlegt hjá viðeigandi dreifiaðila & þjónustustöð.)



Notið engin leysiefni eins og þynni eða bensín til að hreinsa snertifleti ökuritakorts.

Inngangur

Upplýsingar á skjá og stjórnbúnaður


Fyrstu notkunarskrefin

Mismunandi upplýsingar á skjá

Service only

■ Upplýsingar á skjá og stjórnbúnaður

2



- (1) Skjár
- (2a) Hnappareitur ökumaður-1
- (2b) Samsettur hnappur ökumaður-1
- (3) Kortarauf-1
- (4) Niðurhalstengi
- (5a) Hnappareitur ökumaður-2
- (5b) Samsettur hnappur ökumaður-2
- (6) Kortarauf-2
- (7) Aflæsingarhnappur prentaraskúffu
- (8) Afrifubrun
- (9) Valmyndarhnappar

(a) Auðkenni "⊞" fyrir ADR-gerð *
(ADR = reglugerð fyrir hættufarm á götum)

Fjarstýra má DTCO 1381 með þartilgerðum búnaði. Ökumaður þarf þó að staðfesta endanlega í ökumælinum sjálfum breytingu sem gerð er á lögboðnum gögnum (skífa fjarlægð, skipt um aðgerð o.s.frv.).

► Stutt lýsing

Skjár (1)

Allt eftir rekstrarástandi ökutækisins birtast mismunandi upplýsingar eða gögn á skjánum.

➔ Sjá “Mismunandi upplýsingar á skjá” á síðu 18.

Hnappareitur ökumaður-1 (2a)

- 1 Athafnahnappur fyrir ökumann-1
 - ➔ Nánari upplýsingar sjá “Athafnir stilltar” frá síðu 37.
- ▲ Útkastshnappur fyrir kortarauf-1

Samsettur hnappur ökumaður-1 (2b)

- 🔊 Aðgerða- og útfærsluhnappur fyrir ökumann-1

Styðjið stutt á hnappinn: Skipt verður um aðgerð

➔ Nánari upplýsingar sjá “Athafnir stilltar” frá síðu 37.

Haldið hnappnum inni (lág. 2 sek.): Skífan sem er í færast út.

Kortarauf-1 (3)

Ökumaður-1, sem mun stýra ökutækinu þá stundina, setur ökumannskort sitt í kortarauf-1.

➔ Nánari upplýsingar sjá “Ökumannskort sett í” frá síðu 30.

Niðurhalstengi (4)

Niðurhalstengið er undir hlífinni. Aðgangsheimildir þessarar tengingar ráðast af því ökuritakorti sem notað er.

➔ Nánari upplýsingar sjá “Aðgangsheimildir að ökuritakortunum” á síðu 82.

Hnappareitur ökumaður-2 (5a)

- 2 Athafnahnappur fyrir ökumann-2
- ▲ Útkastshnappur fyrir kortarauf-2

Samsettur hnappur ökumaður-2 (5b)

- 🔊 Aðgerða- og útfærsluhnappur fyrir ökumann-2:

Styðjið stutt á hnappinn: Skipt verður um aðgerð

➔ Nánari upplýsingar sjá “Athafnir stilltar” frá síðu 37.

Haldið hnappnum inni (lág. 2 sek.): Skífan sem er í færast út.

Kortarauf-2 (6)

Ökumaður-2, sem ekki mun stýra ökutækinu þá stundina, setur ökumannskort sitt í kortarauf-2 (teymisvinna).

Aflæsingarhnappur prentaraskúffu (7)

Með þessum hnappi er prentaraskúffan tekin úr lás, til dæmis til þess að setja í pappírsrúllu.

Afrifubrún (8)

Í gegnum afrifubrúnina er hægt að rífa útprentun úr innbyggða prentaranum af pappírsrúllunni.

2

Valmyndarhnappar (9)

Eftirfarandi hnappar eru notaðir til þess að færa inn, birta eða prenta gögn:

- ▶/◀ Veljið aðgerð eða valkost með því að fletta. (Ef haldið er hnappinum niðri er hægt að velja sjálfvirka endurtekningu.)
- OK Staðfestið aðgerðina / valkostinn sem var valinn.
- OK Þrýsta og halda niðri þar til síðasta innfærsluviðið birtist.
- ← Til baka að síðasta innslætti, hætta við innslátt lands eða hætta við valmynd skref fyrir skref.
- ☞ Hér á eftir er sýndur á myndrænan hátt – ef slíkt skiptir ekki máli við stjórnunina – skjár með tveimur stjórnhnöppum.

ADR-gerð * (a)




Við að ferma og afferma hættulegan varning

- verður hlífðarlok á skilfleti niðurhals á DTCO 1381 að vera lokað
- má ekki vera þrýst á neina hnappa á öikumælimum
- má engin verkstæðis-, eftirlits- eða fyrirtækiskífa vera í.



Nokkrar aðgerðir, eins og að setja ökuritakort í, taka það úr, að prenta út eða sýna gögn, eru aðeins mögulegar þegar svissað er á!

Merkispjald



Merkispjald

Eftir að prentaraskúffan hefur verið opnuð sést merkispjaldið með eftirfarandi upplýsingum: Nafni og póstfangi framleiðanda, gerð tækis, raðnúmeri, framleiðsluári, samræmismerki og skráningamerki og ástand tækis við afhendingu.


Ef hugbúnaður hefur verið uppfærður verða útgáfur vél- og hugbúnaðar merktar með límmiða á prentaraskúffu.

■ Fyrstu notkunarskrefin

► Fyrir atvinnurekanda

1. Skráið fyrirtækið í DTCO 1381. Setjið fyrirtækiskortið í aðra hvora kortaraufina.

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Fyrirtækiskortið sett í" á síðu 25.*

 Fyrirtækiskortið er ekki ætlað fyrir akstur!

2. Takið fyrirtækiskortið úr kortaraufinni eftir að skráningu eða niðurhali gagnanna er lokið

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Fyrirtækiskortið tekið úr" á síðu 28.*

► Fyrir ökumann

1. Setjið ökumannskortið í kortaraufina í byrjun vaktar (upphaf vinnudags).

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Ökumannskort sett í" frá síðu 30.*

2. Með "Handvirkri innfærslu" er hægt að bæta við athafnir á ökumannskortinu.

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Handvirkar innfærslur" frá síðu 30.*

3. Stillið á athöfnina sem á að framkvæma með athafnahnappinum.

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Athafnir stilltar" á síðu 37.*

4. Stillið klukkuna á staðartíma.

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Staðartími stilltur" á síðu 64.*

DTCO 1381 er nú tilbúnn!

5. **Mikilvægt!** Ef hlé er gert á akstri eða þegar hvíldartími stendur yfir verður að stilla athöfnina á "H".

6. Bilanir sem komið geta upp í tækinu eða einstökum hlutum kerfisins birtast á skjánum. Staðfestið tilkynninguna.

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Boð birtast" frá síðu 68.*

7. Takið ökumannskortið úr kortaraufinni þegar vakt lýkur (lok vinnudags) eða skipt er um ökutæki.

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Ökumannskort tekið úr" frá síðu 40.*

8. Hægt er að prenta út eða birta athafnir undanfarinna daga, vistuð atvik o.s.frv. með valmyndaraðgerðum.

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Valmyndaraðgerðir kallaðar fram" frá síðu 50.*



Sérstakar lagareglur sem kunna að gilda í hverju landi fyrir sig eru ekki settar fram í þessum notkunarleiðbeiningum og þarf að virða til viðbótar ef við á.

■ Mismunandi upplýsingar á skjá

Almennt

Á skjánum birtast bæði myndtákn og texti, en tungumálið stillist inn sjálfkrafa á eftirfarandi hátt:


- Ökumanskortið sem er í kortarauf-1 eða var síðast sett í DTCO 1381 ákvarðar á hvaða tungumáli upplýsingar birtast á skjánum.
- Eða það ökuritakort sem hefur hærra gildisstig, til dæmis fyrirtækiskort eða eftirlitskort.

Tungumál valið

Ökuritakortið stillir tungumálið sjálfkrafa, en einnig er hægt að velja tungumál.

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Tungumál stillt" frá síðu 51.*

► Biðhamur



Upplýsingar biðhamur

Í hamnum Vinnsla "0" skiptir DTCO 1381 eftir u.þ.b. 5 mínútur (frá útgáfu 2.2 eftir

u.þ.b. 1 mínútu) yfir í haminn Á bið við eftirfarandi skilyrði:


- ekki er svissað á ökutækinu,
- og engin tilkynning liggur fyrir.

Auk klukkunnar (1) og hamsins (2) birtast athafnirnar sem stilltar eru inn (3). Eftir 3 mínútur í viðbót (gildi stillt af kaupanda) slokknar á skjánum.

Farið er úr biðham:

- þegar svissað er á ökutækinu,
- stutt er á einhvern hnapp,
- eða þegar DTCO 1381 tilkynnir atvik eða bilun.


► VDO GeoLoc *



VDO GeoLoc

Hægt er að kveikja (2) eða slökkva (1) á skráningu á upplýsingum um staðsetningu og ökutæki.

► Leiðbeiningar eftir kveikt/slökkt



Leiðbeiningar eftir kveikt/slökkt

Kveikja: Ef ekkert ökuritakort er í kortarauf-1 birtist ábending (1) í u.þ.b. 20 sekúndur, því næst kemur venjulega skjámyndin (2) fram.


Frá útgáfu 2.2 blikkar tákn (4) í u.þ.b. 5 sekúndur eftir að ökumanskorti var stungið í og handvirka viðbótaraðgerð. Þetta merkir að kveikt er á öflun upplýsinga.

Slökkva: Tákníð (3) merkir að IMS virkinn er til staðar.

(IMS = Independent Motion Signal)

Tákníð (4) gefur til kynna að kveikt sé á VDO GeoLoc.

► Venjuleg(ar) skjámynd(ir)



Venjulegar skjámyndir meðan á akstri stendur

Þegar ekið hefur verið af stað og engin tilkynning birtist kemur upp áður inngefin staðalsýn.

Með því að þrýsta á takka valmyndar getur þú farið í valdar staðalsýnir **(a)**, **(b)** eða **(c)**.

Venjuleg skjámynd (a):

- (1) Tími
með tákni "*" = Staðartími
án tákn "*" = UTC-tími
- (2) Kennimerki "aksturshams"
- (3) Hraði
- (4) Athöfn ökumanns-1
- (5) Kortatákn ökumanns-1
- (6) Heildarkílómetrafjöldi
- (7) Kortatákn ökumanns-2
- (8) Athöfn ökumanns-2

Venjuleg skjámynd (b):

- (1) Aksturstími "0" bílstjóri-1 frá gildum hvíldartíma.
- (2) Lögbundin hvíldartími "H" sem hlutahvildir frá a.m.k 15 mínútum og eftirfarandi 30 mínútum, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 561/2006.

(3) Tími ökumanns-2:

Núverandi athöfn er tími í viðbragðsstöðu "0" og lengd athafnarinnar.

- ☞ Ef ökumannskort vantar birtast tímar sem eiga við viðkomandi kortarauf "1" eða "2".

Valkostur VDO Counter * (c)

- (1) Aksturstími sem eftir er "0H" ("h" blikkar = þessi hluti skjásins er nú virkur).
- (2) Næsta gilda aksturshlé/daglegur eða vikulegur hvíldartími "H#H".
➔ Nánari upplýsingar sjá "VDO Counter" frá síðu 52.
- (3) Frá útgáfu 2.2 birtist aðgerðin sem valin var.

► Birting gagna þegar ökutækið er kyrrstætt


Þegar ökutækið er kyrrstætt og ökumannskortið er í tækinu er hægt að kalla fram fleiri gögn úr ökumannskortinu.
➔ Sjá "Valmyndaraðgerðir kallaðar fram" á síðu 50.

► **Birting tilkynninga á skjá**

Birting tilkynninga hefur forgang, óháð því hvaða upplýsingar eru sýndar á skjánum hverju sinni og hvort ökutækið er kyrrstætt eða á ferð.

➔ Sjá “Boð birtast” á síðu 68.

► **Frágangsstaða**




Skjámynd frágangsstöðu

Ef ekki er búið að virkja DTCO 1381 sem eftirlitsbúnað birtist “Frágangsstaða”, tákníð “E” (1). DTCO 1381 samþykkir þá engin ökuritakort önnur en verkstæðiskort.

⚠ Sjáið til þess að faggilt verkstæði taki DTCO 1381 tafarlaust í notkun.

► **Out of scope**



Venjuleg skjámynd (a): Out of scope á skjá

Ökutækinu er ekið fyrir utan gildissvið reglugerðarinnar, tákníð “OUT” (2).

Þessa virkni er hægt að stilla inn á valmyndinni.


➔ Sjá “Out Byrjun / Lok fært inn” á síðu 63.

Eftirfarandi ferðaleiðir geta verið utanvið gildissviðið:

- Akstur á götum sem ekki eru opnar almenningi.
- Akstur utan við ES-lönd.
- Akstursleiðir þar sem heildarþyngd farartækis hefur skv. reglugerðum enga nauðsyn fyrir DTCO 1381.

Með því að ýta á einhvern valmyndartakka getur þú farið í valdar staðalsýnir (b) eða (c) *, ➔ sjá síðu 19.

► **Ferju- eða lestarferð**



Venjuleg skjámynd (a): Ferju- eða lestarferð á skjá

Ökutækið er þessa stundina á ferju eða á lest, tákníð “E” (3).


Þessa virkni er hægt að stilla inn á valmyndinni.

➔ Sjá “Byrjun Ferja / Lest fært inn” á síðu 63.

☞ Gætið þess að eiginleiki þessi og virkni sé stillt áður en flytja skal farartæki.

Með því að ýta á einhvern valmyndartakka getur þú farið í valdar staðalsýnir (b) eða (c) *, ➔ sjá síðu 19.

► Viðbrögð við undir- / yfirsennu



Venjuleg skjámynd (a): Truflun á inntaksspennu

Of lítil eða of mikil inntaksspenna í DTCO 1381 birtist á eftirfarandi hátt í staðalsýn **(a)**:

Tilvik 1: "⊖⊕" **(1)** Undirspenna eða ...

Tilvik 2: "⊖⊕" **(2)** Yfirsenna


Eftir sem áður vistar DTCO 1381 upplýsingar um athafnir. Ekki er lengur hægt að prenta út eða birta gögn né setja ökuritakort í eða taka það út!

Tilvik 3: "⊕" **(3)**

Þetta tilvik samsvarar straumrofi.

Staðalsýn **(a)** birtist sjálfkrafa. DTCO 1381 getur ekki gegnt hlutverki sínu sem eftirlitsbúnaður! Athafnir ökumannsins eru ekki skráðar.

► Straumrof



Birting tilkynningarinnar "Straumrof"

Jafnskjótt og rafmagnið er aftur komið á birtist útgáfa stjórnhugbúnaðarins **(1)** í u.þ.b. 5 sekúndur, og því næst útgáfa hugbúnaðauppfærslueiningarinnar **(2)**.

Því næst tilkynnir DTCO 1381 "Straumrof".



Ef táknið "⊕" er viðvarandi á skjánum þrátt fyrir að rafspenna ökutækisins sé rétt skal leita til faggilts verkstæðis!

Skylt er að skrifa niður athafnirnar ef DTCO 1381 bilar.

➔ Sjá "Athafnir handskrifaðar" á síðu 38.

Service only!

Fyrirtæki

Virgni fyrirtækiskortsins

Fyrirtækiskortið sett í

Niðurhal gagna undirbúið

Fyrirtækiskortið tekið úr

Service only

■ Virgni fyrirtækiskortsins



Fyrirtækið tryggir að fyrirtækiskortið (-kortin) sé notað í samræmi við reglur.

Hafið jafnframt í huga þau ákvæði sem gilda í þínu landi.

3

Fyrirtækiskortið ber kennsl á fyrirtæki og skráir það á DTCO 1381 í fyrsta sinn sem kortið er sett í. Þannig er aðgangshemild að þeim gögnum sem tilheyra fyrirtækinu tryggð.

Þegar fyrirtækiskortið er í tækinu veitir það heimild til að framkvæma eftirfarandi aðgerðir:

- Innskráning og úrskráning fyrirtækisins í þennan DTCO 1381, t.d við bifreiðakaup, gildislok bifreiðaleigu, o.s.frv.
- Ef nauðsynlegt er (einu sinni) verður að slá inn aðildarríki og skráningarnúmer ökutækisins.
- Aðgengi að gögnum í minni og sér í lagi að gögnum sem tilheyra aðeins þessu fyrirtæki.

- Aðgengi að gögnum öikumannskortsins í tækinu.
- Birta, prenta eða hlaða niður gögnum með niðurhalstenginu.



Fyrirtækiskortið er eingöngu ætlað fyrir umsýslu með gögn fyrirtækisins og ekki er hægt að nota það fyrir akstur! Sé keyrt með fyrirtækjakortinu birtist tilkynning.

Í sumum aðildarríkjum er skylda að hlaða reglulega niður gögnunum. Í eftirfarandi tilvikum er mælt með því að hlaða niður gögnunum úr minninu:

- ef ökutækið er selt,
- ef ökutækið er tekið úr notkun,
- ef skipt er um DTCO 1381 vegna bilunar.

► Valmyndaraðgerðir í "fyrirtækisham"

Vafur innan valmyndaaðgerða fer alltaf eftir sama kerfi.

➔ Sjá "Valmyndaraðgerðir kallaðar fram" á síðu 50.


Til dæmis ef fyrirtækiskortið er í kortarauf-2 þá eru allar aðalvalmyndir sem eiga við kortarauf-2 lokaðar.

➔ Sjá "Aðgengi að valmynd læst!" á síðu 58.

Í þessu tilviki er aðeins hægt að birta, prenta eða hlaða niður gögnunum á öikumannskortinu í kortarauf-1.


➔ Sjá "Yfirlit yfir uppbyggingu valmyndar" á síðu 56.








■ Fyrirtækiskortið sett í









Fyrirtækiskortið sett í

1. Svassið á. (Aðeins nauðsynlegt fyrir ADR-gerð *.)
2. Setjið fyrirtækiskortið í einhverja kortarauf þannig að flagan snúi upp og örin vísi fram.

 Fyrirtækjakortið ákvarðar tungumálið á skjánum Einnig er hægt að velja tungumál.
 ➔ Sjá "Tungumál stillt" á síðu 51.




Skref / valmynd á skjá	Útskýring / merking
3. 	Opnunarkveðja: Í u.þ.b. 3 sekúndur birtist staðartíminn sem hefur verið stilltur inn "12:50+" og UTC-tíminn "10:50UTC" (Tímamismunur = 2 klukkustundir).
4. 	Heiti fyrirtækisins birtist. Staðan á lestri fyrirtækiskortsins sést á framvindustikunni. Ef nauðsynlegt er biður DTCO 1381 um að slá inn skráningarnúmerið. <ul style="list-style-type: none"> • Veljið "Já" og staðfestið með hnappinum , ➔ sjá síðu 26.
5.  	Þegar fyrirtækiskortið er sett í í fyrsta sinn er fyrirtækið sjálfkrafa skráð í DTCO 1381. Fyrirtækislæsingin er virkjuð. Með þessu móti er öryggi gagna sem varða fyrirtækið tryggt!
6.  	Þegar lestri er lokið birtist venjulega skjámyndin. DTCO 1381 er nú stilltur á fyrirtækisham, tákníð "1" (1).

► Slá inn skráningarnúmer


Skref / valmynd á skjá	Útskýring / merking
1. 	Birtist eftirfarandi spurning, <ul style="list-style-type: none"> • veljið "Já" og staðfestið.
2. 	<ul style="list-style-type: none"> • Veljið land og staðfestið. Fyrsta staða sem þarf að slá inn blikkar "_". <ul style="list-style-type: none"> • Velja táknið sem óskað er eftir og staðfesta. • Endurtaka aðgerðina, hámark 13 stöður.
3. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ef færri staða er krafist, skal þrýsta á hnappinn  og halda niðri þar til síðasta staðan blikkar. • Staðfesta innfærsluna með hnappinum .
4. Stýrisútprentun kemur sjálfkrafa.	
5. 	<ul style="list-style-type: none"> • Stýra skal innfærslunni! • Veljið "Já" og staðfestið. Ef að skráningarnúmerið er rangt, skal velja "Nei" og staðfesta. Nú birtist skref 1, endurtakið innfærsluna.

Athugasemd: Einungis þarf að slá inn skráningarnúmerið einu sinni. Eftirfarandi breytingar er einungis hægt að láta gera á faggiltu verkstæði. Sláíð auðkennið inn í DTCO 1381 nákvæmlega eins og skráningarnúmer ökutækis er. Allar aðrar breytingar er eingöngu hægt að framkvæma með verkstæðisskífu hjá viðurkenndu verkstæði.

Innfærsla:

Veljið þá virkni sem óskað er eftir með hnöppunum  eða  og staðfestið valið með hnappinum .

Leiðréttá innfærslu:

Með hnappi  skal fara þrep fyrir þrep til baka á stöðuna á undan og endurtaka innfærsluna(r).

Útprentun: Tæknilegar upplýsingar

```

-----
▼ 25.04.2015 10:50 (UTC)
-----
Te▼
-----
  Sped. Mustermann
  ÖMD /12341234123412 3 4
-----
  A ABC12345678901234
  D /VS WM 2014
-----
  B Continental Automotive
  GmbH
  H.-Hertz-Str.45 78052
  VS-Willmsen
  1381.12345678901234567
  e1-84
  
```

■ Niðurhal gagna undirbúið




Sprengihætta

Vinsamlegast athugið leiðbeiningar um flutning og stjórnun á hættulegum varningi í sprengfimu umhverfi.

Við að ferma og afferma hættulegan varning ...

- þarf hlífðarlokið (1) að vera lokað
- og það má ekki hlaða niður gögnum á meðan.




Tenging við niðurhalstengi

1. Smellið hlífðarlokinu (1) til hægri.
2. Tengjið fartölvuna (4) við niðurhalstengið (2).
3. Ræsið aflestrarhugbúnaðinn.
4. Eða setjið niðurhalslykilinn (3) í niðurhalstengið.



Með SmartLink-tengingu (5) er hægt að koma á samskiptum milli DTCO 1381 og Bluetooth-samhæfðu tæki.



6

Venjuleg skjámynd (a): Kennimerkið "Gagnaflutningur" birtist

Á meðan á gagnayfirfærslunni stendur birtist táknið (6) fyrir.



Rjúfið aldrei tenginguna við niðurhalstengið. Látið með ADR-gerðinni * svissinn vera í gangi.

5. Að loknu niðurhali gagnanna er nauðsynlegt að loka aftur hlífðarlokinu (1).

Kennimerki gagnanna

Áður en gögnnum er hlaðið niður setur DTCO 1381 stafrænt auðkenni (kennimerki) á afrituðu gögnin. Með þessu auðkenni er hægt að eigna DTCO 1381 gögnin og sannreyna að um sé að ræða rétt gögn og að engin gögn vanti.



Þegar gögnunum í minninu og á ökumannskortinu er hlaðið niður eru þau aðeins afrituð, en ekki eytt.

Fjarstýrt niðurhal * (Remote)

Með bílflota-stjórnunarkerfi er hægt, eftir að heppnuð staðfesting á fyrirtækjakorti hefur farið fram, að hala niður notkunargögnum á fjarstýrðan máta.




Nánari upplýsingar um aflestrarhugbúnaðinn er að finna í viðkomandi gögnum!

■ Fyrirtækiskortið tekið úr

- ☞ Aðeins er hægt að taka fyrirtækiskortið úr kortaraufinni þegar ökutækið er kyrrstætt!

3



Beðið um fyrirtækiskort

1. Svissíð á. (Aðeins nauðsynlegt fyrir ADR-gerð *.)
2. Kallið fram kort úr kortarauf-1 eða kortarauf-2; ➔ *sjá síðu 14.*

Skref / valmynd á skjá	Útskýring / merking
3.	Heiti fyrirtækisins birtist. Framvindustika sýnir að DTCO 1381 flytur gögn yfir á fyrirtækjakortið.
4. 	Fyrirtæki ekki útskráð: <ul style="list-style-type: none"> • Veljið "Nei" með hnöppunum ▲ / ▼ og staðfestið með hnappinum OK. Fyrirtæki útskráð: <ul style="list-style-type: none"> • Veljið "Já" og staðfestið með hnappinum OK. Fyrirtækislæsingin er óvirk. Vistuð gögn fyrirtækisins eru hinsvegar áfram læst fyrir öðrum fyrirtækjum!
5.	Opnað er fyrir fyrirtækiskortið, venjulega skjámyndin birtist. Af gefnu tilefni getur ábending birst um að regluleg prófun er í gangi eða að gildi fyrirtækjakortsins renni út; ➔ <i>sjá síðu 78.</i> DTCO 1381 er nú aftur stilltur á akstursham, tákn "e" (1).

- ☞ **Athugið:** Ef prentaraskúffan er opin er lokað fyrir útkast úr kortarauf-2! Tilkynning bendir á þetta.

Aksturshamur

Ökumanskort sett í

Athafnir stilltar


Hlaða niður upplýsingum á ökumanskortinu

Ökumanskort tekið úr

Skipt um ökumann/ökutæki

Service only

■ Ökumannskort sett í



Ábending um notkun eftir að svissað er á:
Ekkert ökumannskort er í kortarauf-1.



Í samræmi við rétta framkvæmd samkvæmt reglugerð og vegna umferðaröryggis er mælt til þess að ökumannskortið sé aðeins sett í þegar ökutækið er kyrrstætt!

Einnig er hægt að setja ökumannskortið í meðan á akstri stendur, en það er hinsvegar skráð sem atvik og vistað!
➔ Sjá "Yfirlit yfir atvik" á síðu 70.

1. Svissað á. (Aðeins nauðsynlegt fyrir ADR-gerð *.)
2. **Ökumaður-1**, sem mun sitja undir stýri, setur ökumannskort sitt í kortarauf-1 þannig að flagan snúi upp og örin vísi fram.
3. Ferlið sem á eftir fylgir fer fram með valmyndarleiðsögn, ➔ sjá síðu 31.
4. Þegar búið er að lesa inn ökumannskort ökumanns-1, setur **ökumaður-2** sitt ökumannskort í kortarauf-2.

Athugasemd


Valmyndarleiðsögnin fer fram á því tungumáli sem sett var á ökumannskortið. Einnig er hægt að velja tungumál. Valmyndir til að sýna eða prenta út upplýsingar um ökumann virka aðeins ef viðkomandi kort er í. Þannig birtist t.d. valmyndarliðurinn "Útrentun ökumaður 2" aðeins ef ökumannskort er í kortarauf-2.
➔ Sjá "Yfirlit yfir uppbyggingu valmyndar" á síðu 56.

► Handvirkar innfærslur



Samkvæmt reglugerð verður að skrá athafnir, sem ekki eru skráðar á ökumannskortinu, eftir á handvirku innfærsluna. (Nánari upplýsingar varðandi athafnir, ➔ sjá síðu 37.)

Kort tekið úr (15.04.15) Kort sett í (18.04.15)
16:31 Staðartími 07:35 Staðartími



Dæmi um óþekkt tímabil

Í hvert sinn sem ökumannskortið er sett í, myndast eftirfarandi möguleikar fyrir færslur:

- Skrá eftir á athöfnina hvíldartími "H"; Dæmi 1, ➔ sjá síðu 34.
- Halda vakt áfram; Dæmi 2, ➔ sjá síðu 35.



- Halda vakt áfram, enda vakt og/eða færa athafnir fremst á vakt; Dæmi 3, ➔ sjá síðu 36.

Grundvallarframkvæmdarmáti

- Veljið þá virkni, athöfn eða talnagildi sem óskað er eftir með hnöppunum / á innfærslusviðinu.
- Staðfestið valið með hnappinum .

1. welcome
07:35* 05:35UTC

Opnunarkveðja: Í u.þ.b. 3 sekúndur birtist staðartíminn sem hefur verið stilltur inn "07:35*" og UTC-tíminn "05:35UTC" (Tímamismunur = 2 klukkustundir).

2. 1 Maier

Nafn ökumannsins birtist á skjánum. Staðan á lestri ökumanskortsins sést á framvindustikunni.

3. Síðasta færsla
15.04.15 16:31*

Í u.þ.b. 4 sekúndur birtast á staðartíma (táknioð "*") dagsetning og tími þegar kort var síðast tekið út.

4. 1M Innsláttar
viðbætur? Nei
viðbætur? Já

- Ef það á ekki að bæta við **athöfnum**, skal velja "Nei"; sjá nánar skref 9.
- Ef valið er "Já" biður DTCO 1381 um að slá inn handvirkar innfærslur.

5. M 15.04.15 16:31
H 18.04.15 07:35

"M" = Handvirkar innfærslur;
"H" = Innfærslusvið fyrir athöfnina blikkar
Nú birtist tímabilið milli úrtöku (1. lína) og núverandi innstungu (2. lína) á staðartíma.

6. M 15.04.15 16:31
16.04.15 07:35
16.04.15 09:35

2. lína = Innfærslumengi

Hægt er að slá inn mögulegar rökréttar breytur (blikkandi innfærslusvið) í eftirfarandi röð.

"Athöfn – Dagur – Mánuður – Ár – Klukkustund – Mínota".

Aðgerðinni er lokið, þegar tímapunkti stunguaðgerðar er náð.

Eftirfarandi beiðni birtist áður en handskráðar upplýsingar eru staðfestar.

7. Upphafsf land
:E
Upphafsf svæði
E AN

- Veljið land og staðfestið.
- Ef nauðsynlegt er, veljið landssvæði og staðfestið.
- Með hnappinum er hægt að hætta við val á landi.

8. 1M Staðfesta
innslátt? Já
innslátt? Nei

- Staðfestið innfærsluna með "Já".
- Til að velja "Nei".

➔ Sjá "Leiðréttingamöguleikar"
á síðu 32.

9. 07:36* 0 km/h
123456.7km

Venjuleg skjámynd (a) birtist. Táknið á kortatákninu sem birtast þar á undan hafa eftirfarandi merkingar:


- "-" Ökumanskortið er í raufinni.
- "■" Hægt er að aka af stað, viðeigandi gögn hafa verið lesin inn.

- ➔ Meðan verið er að lesa ökumanskortið standa ákveðnar valmyndaraðgerðir ekki til boða:
- Að kalla fram valmyndaraðgerðir
 - Beiðni um ökuritakort


Ef stutt er á valmyndarhnapp eða útkastshnappinn birtist tilkynning.

Vinsamleasta
bíðið!
eða
Opnun ekki
möguleg xx

Nú er hægt að leiðrétta mögulegar breytur í þeirri röð sem þær birtast.

- ➔ Með því að þrýsta á hnappinn  og halda honum niðri er farið á næsta innfærsluvið eða á næsta heildstæða innfærslumengi.

► Leiðréttingamöguleikar


Hægt er að velja og laga mögulegar breytur með því að slá á hnappinn  (bakfærsla) í innfærslumenginu.

Ef spurningunni: "1M Staðfesta innslátt?" er neitað, birtist næst skref 4 og eftir það fyrsta heildstæða innfærslumengið (skref 5).

4. 1M Innsláttar
viðbætur? Já

5. M 15.04.15 16:31
16.04.15 07:35


► Land fært inn á meðan á handvirkri innfærslu stendur



- Í fyrsta innfærslumenginu skal velja "H" táknið "H? Loka land" og staðfesta. (Aðeins mögulegt þegar fyrsti handskráður tími er ekki í samræmi við staðartíma þegar kort var síðast tekið úr.)

- Veljið land og staðfestið.

Eða



- Velja Táknið "H? Upphafs land" og staðfesta.

- Veljið land og staðfestið.

Úrval landa

Landið sem síðast var slegið inn birtist fyrst. Með hnöppunum ▲ / ▼ birtast í framhaldi af því þau fjögur lönd sem voru færð inn síðast. Kennimark: Tvípunktur á undan landakennimerkinu "B".

Frekari valkostir koma fram í réttri stafrófsröð "A":

- Með hnappi ▲ A, Z, Y, X, W, ... o.s.frv.;
- Með hnappinum ▼ A, B, C, D, E, ... o.s.frv.

➔ Sjá "Kennimerki landa" á síðu 91.

☞ Með því að ýta á og halda niðri hnappinum ▲ / ▼ er valinu hraðað (sjálfvirk endurtekning).

► Hætt við innslátt

Ef ekkert er slegið inn birtist eftirfarandi á skjánum eftir 30 sekúndur.

Ef þrýst er á hnappinn OK á næstu 30 sekúndum er hægt að halda innfærslunni áfram.

Eftir þennan tíma eða þegar ekið er af stað er lokið við að lesa ökumanskortið og venjuleg skjámynd (a) birtist.


Útgáfa 2.1: Innslátt sem þegar er búið að samþykka með hnappinum OK eru vistuð af DTCO 1381.

Útgáfa 2.2: Gögnum sem fyrir eru verður eytt til að tryggja að gögnin verði staðfest. Þetta á við um fjarstýrðan innslátt sem og beinan innslátt í DTCO 1381.

Hætt við handvirkan innslátt með því að krefja um ökukort.


➔ Nánari upplýsingar sjá "Krafið um kort á meðan handvirkum innslætti stendur" á síðu 40.

► Færa inn athöfnina "Hvöldartími" eftirá



Dæmi 1:

Kort tekið úr (15.04.15) Kort sett í (18.04.15)
16:31 Staðartími 07:35 Staðartími




Færa hvöldartíma inn eftirá


Athugið: Innfærslan er gerð á staðartíma

1. Þrýsta á hnappinn og halda niðri.
2. Sjálfvirk stökk á síðasta innfærsluvið (Mínúturnar blikka).
3. Staðfesta innfærslu með hnappinum .
4. Farðu eftir leiðbeiningum valmyndar.

► Vakt haldið áfram




Dæmi 2:




Athugið: Innfærslan er gerð á staðartíma

1. Stilla fyrstu athöfn "*" og staðfesta.
2. Stilla dag og staðfesta, stilla klukkustundir og staðfesta, stilla mínútur og staðfesta.
3. Stilla aðra athöfn "□" og staðfesta.
4. Þrýsta á hnappinn **OK** og halda niðri, mínúturnar blikka.
5. Staðfesta innfærslu með hnappinum **OK**.
6. Farðu eftir leiðbeiningum valmyndar.

► Halda vakt áfram og færa athafnir fremst á vakt



Dæmi 3:



Athugið: Innfærslan er gerð á staðartíma

1. Stilla fyrstu athöfn "*" með dagsetningu, tíma og staðfesta.
2. Tákni "h#? Loka land" og staðfesta.
3. Veljið land og staðfestið.
4. Athöfn "?" = stilla óþekktan tíma með dagsetningu, tíma og staðfesta.
5. Endurtaka sama kerfi þar til tíma stunguaðgerðar er náð.

■ Athafnir stilltar

- ⊞ = Akurstími (sjálfkrafa þegar ekið er)
- * = Allir aðrir vinnutímar
- ⊞ = Tímar í viðbragðsstöðu (biðtímar, farþegatími, tími ökumanns-2 í svefnlefa meðan á akstri standur)
- H = Hlé og hvíldartímar

▶ Handvirk stilling

- ☞ Eingöngu er hægt að stilla inn athafnir þegar ökutækiað er kyrrstætt!

1. Snertið sem ökumaður aðgerðahnapp **ökumanns-1**; ➔ *sjá síðu 14*. venjuleg skjámynd **(a)** birtist.
2. Styðjið endurtekið á hnappinn þar til athöfnin sem óskað er (H ⊞ *) birtist á skjánum **(1)**. Eftir u.þ.b. 5 sekúndur birtist fyrri skjámynd.
3. Snertið sem aðstoðarökumaður aðgerðahnapp **ökumanns-2**; ➔ *sjá síðu 14*.

▶ Sjálfvirk stilling

DTCO 1381 skiptir sjálfkrafa yfir á eftirfarandi athafnir:

við ...	Ökumaður-1	Ökumaður-2
Ferðaleið	⊞	⊞
Stopp ökutækis	*	⊞




Mikilvægt er að stilla við lok vaktar eða í hléi á aðgerð "H." Með því er tryggður áreiðanlegur útreikningur VDO Counter*.

▶ Sjálfvirk stilling eftir ræsingu á eða af *

Eftir ræsingu á eða af getur DTCO 1381 stillt á ákveðna athöfn, til dæmis "H".

Aðgerð **(1)** og/eða **(2)** sem breytt sjálfkrafa þegar kveikt er eða slökkt birtist í staðallýsingu **(a)** og blikkar í u.þ.b. 5 sekúndur. Að þeim tíma liðnum birtist fyrri skjámyndin aftur.



Blikki fyrir athafnirnar í staðalsýn (a)

- ☞ Breytið eftir þörfum virknina sem hefur verið stillt inn í samræmi við númerandi notkun.

Athugasemd

Athöfnina sem DTCO 1381 stillir sjálfkrafa eftir ræsingu er hægt að láta forrita hjá samþykktu verkstæði samkvæmt óskum viðskiptavinar; ➔ *sjá síðu 114*.

► Athafnir handskrifaðar

Samkvæmt reglugerðinni er ökumanni skylt að skrifa niður athafnir í eftirfarandi tilvikum:

- Ef DTCO 1381 bilar.
- Ef eitthvað glatast, eftir þjófnað, skemmdir eða ef ökumanskortið virkar ekki rétt verður að prenta út dagsprent úr DTCO 1381 í upphafi og við lok ferðar. Ef þörf krefur verður ökumaður að skrifa niður tíma í viðbragðsstöðu og annan vinnutíma.

Hægt er að skrifa niður **(2)** athafnir á bakhlið pappírsrúllunnar og fylla út útprentið með persónulegum upplýsingum **(1)**.

Mustermann Heinz
 F 112345678901234 56
 A No. VS-VM 612
 •+ VS-Villingen
 +• München
 + km 92 978
 km + 92 610
 km 368
 Dat. 12.10.2014
 Mustermann Heinz
 (Signature)


DTCOPP 1 [E1] 174

Tachograph [E1] 84 [E2] 25

Handskrifuð skráning athafnanna

Persónulegar upplýsingar

- ☐ Skírnar- og eftirnafn
- ☐ Númer ökumanskorts eða ökuskríteinis
- ⊞ No. Auðkenni ökutækis
- + Staður í upphafi vaktar
- +• Staður í lok vaktar
- +km km-staða í lok vaktar
- km+ km-staða í upphafi vaktar
- km Eknir kílómetrar
- Dat. Dagsetning
- Sig. Eigin undirskrift

 Hafið jafnframt í huga þau ákvæði sem gilda í þínu landi.

■ Hlaða niður upplýsingum á ökumanskortinu




Sprengihætta

Vinsamlegast athugið leiðbeiningar um flutning og stjórnun á hættulegum varningi í sprengfimu umhverfi.

Við að ferma og afferma hættulegan varning ...

- þarf hlífðarlokið (1) að vera lokað
- og það má ekki hlaða niður gögnum á meðan.



Tenging við niðurhalstengi




Gætið þess að einungis einu ökumanskorti sé stungið í tækið! Annars fer enginn gagnaflutningur fram.

1. Smellið hlífðarlokinu (1) til hægri.
2. Tengjið fartölvuna (4) við niðurhalstengið (2).
3. Ræsið aflestrarhugbúnaðinn.
4. Eða setjið niðrhalslykilinn (3) í niðurhalstengið.



Með SmartLink-tengingu (5) er hægt að koma á samskiptum milli DTCO 1381 og Bluetooth-samhæfðu tæki.



Venjuleg skjámynd (a): Kennimerkið "Gagnaflutningur" birtist

Á meðan á gagnayfirfærslunni stendur birtist táknið (6) fyrir.



Rjúfið aldrei tenginguna við niðurhalstengið. Látið með ADR-gerðinni * svissinn vera í gangi.

5. Að loknu niðrhali gagnanna er nauðsynlegt að loka aftur hlífðarlokinu (1).

Kennimerki gagnanna

Afrituðu gögnin eru auðkennd með rafrænni undirskrift (kennimerki). Með þessu auðkenni er hægt að sjá gögnin á ökumanskortinu og sannreyna að um sé að ræða rétt gögn og að engin gögn vanti.



Nánari upplýsingar um aflestrarhugbúnaðinn er að finna í viðkomandi gögnum!


■ Ökumannskort tekið úr

⚠ Ökukortið getur í sjálfu sér verið áfram í kortaraufinni - vinsamlegast stillið á aðgerð "H".

Við skipti á bílstjóra eða farartæki verður þó alltaf að fjarlægja ökukortið úr kortaraufinni.

➔ Sjá "Skipt um ökumann/ökutæki" á síðu 42.

☞ Aðeins er hægt að taka ökumannskortið úr kortaraufinni þegar ökutækið er kyrrstætt!



Beðið um ökumannskort

1. Svissíð á. (Aðeins nauðsynlegt fyrir ADR-gerð *.)
2. Stillið inn viðeigandi athöfn; til dæmis "H" þegar vakt lýkur.
3. Kallið fram kort úr kortarauf-1 eða kortarauf-2; ➔ sjá síðu 14. Ferlið sem á eftir fylgir fer fram með valmyndarleiðsögn, ➔ sjá síðu 41.

☞ Ef prentaraskúffan er opin er lokað fyrir útkast úr kortarauf-2! Eftirfarandi tilkynning bendir á þetta.

☛ Skúffu opin

Um leið og prentaraskúffunni er lokað er kortinu kastað út.

Krafið um kort á meðan handvirkum innslátti stendur

1. Kallið fram kort úr kortarauf-1 eða kortarauf-2; ➔ sjá síðu 14.
2. Veldu og svaraðu þeim spurningum sem fylgja með því að velja "Nei".







1M Staðfesta innslátt? *Nei*




1M Innsláttar viðbætur? *Nei*

3. Áfram, ➔ sjá síðu 41.

Handvirki innslátturinn stöðvast; ef tími er ekki þekktur vistar DTCO 1381 aðgerðina sem "?".

► Valmyndarleíðsögn eftir að ökumanskort er tekið úr


Skref / valmynd á skjá	Útskýring / merking
1. 	Nafn ökumannsins birtist á skjánum. Framvindustika sýnir að DTCO 1381 flytur gögn yfir á ökumanskortið.
2. 	<ul style="list-style-type: none"> • Veljið land og staðfestið. • Ef nauðsynlegt er, veljið landssvæði og staðfestið. • Þrýstu á  til að stöðva skráningu á landi, t.d. ef þú ætlar að halda vaktinni áfram.
3. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ef þörf er á útprentun skal velja "Já" og staðfesta. • Ef ekki er þörf á útprentun skal velja "Nei" og staðfesta.
4. 	<ul style="list-style-type: none"> • Staðfestu "Já" ef þú vilt printun í UTC-tíma (lagaleg skylda). • Ýttu á "Nei" og staðfestu ef þú vilt útprentun í "staðartíma". <p>Ef aðgerð hefur verið valin kemur framvinda aðgerðarinnar fram á skjánum.</p>
5. 	Opnað er fyrir ökumanskortið, venjulega skjámyndin (a) birtist.

Veljið landið með hnöppunum  eða  og staðfestið valið með hnappinum .

4

Áður kann að birtast, ef við á, ábending um að gildistími ökumanskorts sé að renna út, að regluleg prófun sé tímabær eða að hala skuli niður af ökumanskorti, ➔ sjá síðu 78.

■ Skipt um öikumann/ökutæki



Skipt um öikumannskort

Tilvik 1:

Starfsmennirnir skipta um stöðu, ökumaður-2 verður ökumaður-1

1. Takið öikumannskortin úr kortaraufinni og settið í hina kortaraufina. Ökumaður-2 (**núna ökumaður-1**) setur fyrst öikumannskort sitt í kortarauf-1 og ökumaður-1 (**nú ökumaður-2**) setur öikumannskort sitt í kortarauf-2.
2. Stillið inn þá athöfn sem óskað er.

Tilvik 2:

Ökumaður-1 og/út ökumaður-2 yfirgefa ökutækið

1. Viðkomandi biður um öikumannskort sitt, prentar út dagsútprentun ef þörf krefur og tekur öikumannskortið sitt úr DTCO 1381.
2. Næstu öikumenn setja öikumannskort í kortaraufina í samræmi við hvaða aðgerð á við (ökumaður-1 eða ökumaður-2).

Tilvik 3 – blandaður akstur:


Ekið með mismunandi gerðir ökurita

- Til dæmis ökuritar með skífu eða ...
- stafræna ökurita með öikumannskorti samkvæmt EB-reglugerð (EBE) nr. 3821/85 viðauka I B, til dæmis DTCO 1381.

Við eftirlit verður ökumaðurinn að geta lagt fram eftirfarandi gögn um núverandi viku og síðustu 28 daga:

- Öikumannskortið (**1**),

- mikilvægu dagsútprentanirnar úr stafræna ökuritanum (**2**), í þeim tilvikum þar sem öikumannskortið er skaddað eða ónýtt,
- skrifuðu skífurnar (**3**),
- og ef vill til handskrifuðu blöðin um athafnirnar.



Hafið jafnframt í huga þau ákvæði sem gilda í þínu landi.

► Gögn sem þurfa að vera til reiðu

Hvíldar- / endurhæfingarfrí:

Skv. viðmiðunarreglum 2006/22/EG framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins þarf ökumaðurinn að geta sýnt fram á skýrslu um atburði síðustu 28 daga:

- Tími þar sem ökumaður var í veikindafríi.
- Tími þar sem ökumaður var í fríi.
- Tími ferðar sem var framkvæmd utan við notkunarsvið (EG) tilskipun nr. 561/2006 eða AETR.



Prentaða útgáfu eyðublaðsins er hægt að finna á internetinu á:
ec.europa.eu

ATTESTATION OF ACTIVITIES UNDER
REGULATION (EC) NO 561/2006
OR
THE EUROPEAN AGREEMENT CONCERNING THE WORK OF CRE
VEHICLES ENGAGED IN INTERNATIONAL ROAD TRANSPORT (AE)

*To be filled in by typing and signed before a journey
To be kept with the original tachograph records wherever they are required to
False attestations constitute an infringement*

1. Name of the undertaking: _____
2. Street address, Postal code, City, Country: _____, _____, _____
3. Telephone number (including international prefix): _____
4. Fax number (including international prefix): _____
5. E-mail address: _____

I, the undersigned
6. Name: _____
7. Position in the undertaking: _____
declare that the driver
8. Name: _____
9. Date of birth: _____
10. Driving licence number or Identity card number or Passport number: _____
for the period
11. from (time-day-month-year) _____-_____-_____
12. to (time-day-month-year) _____-_____-_____
13. was on sick leave (**)
14. was on annual leave (**)
15. drove a vehicle exempted from the scope of Regulation (EC) No 561/2006 (**)
16. For the undertaking, place _____ date _____ signature _____
17. I, the driver, confirm that I have not been driving a vehicle falling under the scope of Regulation (EC) No. 561/2006 or AETR during the period mentioned above.
18. Place _____ date _____ Signature of the driver _____

(*) This form is available in an electronic and printable version on the Internet at ec.europa.eu.
(**) Only one of the boxes 13, 14 or 15 may be chosen.

Úrdráttur: Eyðublað athafnir (english)

http://ec.europa.eu/transport/road/policy/social_provision/doc/forms/attestation_of_activities_en.pdf

Sérstakar aðstæður:

Til að tryggja öryggi fólks, ökutækis og farms getur verið nauðsynlegt að fara á svig við gildandi ákvæði laga. Í slíkum tilfellum verður ökumaður að gera skriflega grein fyrir ástæðum þessa í síðasta lagi við komu á viðeigandi stöðvunarstað:

- Til dæmis á sýnisblaði,
- á útprentun úr DTCO 1381,
- eða á vinnutímaskýrslu.

Service only!

Meðferð prentara

Ný rúlla sett í
Gögn prentuð út

Service only!

■ Ný rúlla sett í



Vinsamlegast athugið

Notið (pantið) aðeins rúllur (VDO prentarapappír) sem merktar eru á eftirfarandi hátt:

- Gerð ökurita (DTCO 1381) með samræmis- "☐ 84"
- og skráningarkerki "☐ 174" eða "☐ 189".



Stutt á aflæsingarhnappinn


1. Styðjið á aflæsingarhnappinn; prentaraskúffan opnast.



Hætta á meiðslum

Ef mikið hefur verið prentað getur hitaprenthausinn verið mjög heitur! Hætta er á að brenna sig á fingrum!

Setjið rúlluna varlega í eða bíðið eftir því að prenthausinn kólni.



Ný rúlla sett í

2. Setjið nýja pappírrúllu í eins og sýnt er á myndinni.



Gætið þess að rúllan festist ekki í prentaraskúffunni og að pappírsendinn (1) nái upp fyrir brún skúffunnar!

3. Lokið prentaraskúffunni í miðju. Prentarinn kemur pappírnum sjálfkrafa í rétta stöðu.



Hætta á meiðslum

Gætið þess að prentaraskúffan sé alltaf lokuð. Opin prentaraskúffa getur valdið meiðslum á notanda eða öðrum.


4. Prentarinn er tilbúinn til notkunar. Hægt er að hefja prentun; eða prentun sem var hætt (þegar pappír þraut) er sjálfkrafa haldið áfram.

■ Gögn prentuð út

► Prentun hafin

☞ Útprintun er einungis möguleg þegar ...


- ökutækið er kyrrstætt og svissað er á (aðeins nauðsynlegt fyrir ADR-gerð *),
- prentaraskúffan er lokuð og pappírsmúllan hefur verið sett í,
- engin önnur truflun hindrar útprintun.



1. Annað hvort verður farið fram á dagsútprintun í valmyndarleiðsögninni eftir að "Takið öikumanskortið úr" (1) birtist eða samsvarandi útprintun er framkvæmd í valmyndinni (2).

➔ Sjá "Valmyndaraðgerðir kallaðar fram" á síðu 50.

2. Staðfestu valmyndina með takka **OK**.
3. Veldu og staðfestu þá prentun sem óskað er eftir (UTC- eða staðartími).
4. Útprintun hefst. Bíðið þar til útprintun er lokið.




Útprintunin rifin af pappírsmúllunni

5. Rífið útprintunina af pappírsmúllunni með því að toga hana upp og svo niður á rifkantinn.
6. Varðveitið útprintunina þannig að hún verði hvorki óhrein né eyðileggist af ljósi eða sólargeislum.

► Prentun stöðvuð

1. Ef stutt er aftur á hnappinn **OK** meðan á prentun stendur er eftirfarandi kallað fram.



2. Veljið þá aðgerð sem óskað er eftir með hnöppunum **▲** / **▼** og staðfestið með hnappinum **OK**; útprintun er annað hvort haldið áfram eða hún stöðvuð.


► Atriði sem huga þarf að við útprentun

- Hafi vakt byrjað fyrir kl. 00.00 á UTC-tíma, prentar DTCO 1381 sjálfkrafa gildi dagsins á undan sem og þess dags sem prentað er út á, eftir að öikumannskort hefur verið tekið úr.
- Lituð merking **(1)** á bakhlið útprentunarinnar gefur til kynna að pappírinn sé að verða búinn.
- Þegar pappír þrýtur birtist eftirfarandi tilkynning.

```

170 Vantar
PAPPÍR      xx
  
```

- Ef ný pappísrúlla er sett í innan klukkustundar heldur DTCO 1381 útprentunin sjálfkrafa áfram.
- Ábending kemur fram í fyrstu báðu línunum eftirfarandi útprentunar **(3)**.



Áframhald útprentunar þegar pappírinn klárast

- (1)** Lituð merking (á bakhlið)
- (2)** Lok sundurslitinnar útprentunar
- (3)** Áframhald sundurslitinnar útprentunar
Lína 1: Upphafstími útprentunar
Lína 2: Teljari áframhaldandi útprentunar

- ☞ Stakar línur 1. útprentunar geta hugsanlega endurtekið sig á 2. útprentun.

► Pappírsstífla lagfærð

Pappírsstífla getur til dæmis komið upp þegar útprentun er ekki rifin af á réttan hátt. Það getur leitt til þess að pappírsrifan stíflist og hindri eðlilegt flæði pappírs við næstu prentun.

1. Opnið prentaraskúffuna.
➔ Sjá "Ný rúlla sett í" á síðu 46.
2. Rífið krumpaðan pappír af pappísrúllunni og fjarlægjið leifar pappírs úr prentaraskúffunni.
3. Setjið pappísrúlluna aftur í og lokið prentaraskúffunni.



Vinsamlegast farið eftir öryggisábendingum!

➔ Sjá "Ný rúlla sett í" á síðu 46.

Valmyndaraðgerðir

Valmyndaraðgerðir kallaðar fram

VDO Counter *

Yfirlit yfir uppbyggingu valmyndar

Aðalvalmynd Útprintun Ökumaður-1 / Ökumaður-2

Aðalvalmynd Útprintun Ökutæki


Aðalvalmynd Innfærsla Ökumaður-1 / Ökumaður-2

Aðalvalmynd Innfærsla Ökutæki

Aðalvalmynd Upplýsingar á skjá Ökumaður-1 / Ökumaður-2

Aðalvalmynd Upplýsingar á skjá Ökutæki

■ Valmyndaraðgerðir kallaðar fram



Farið aftur á fyrsta valmyndarþrep

Valmyndir til að sýna eða prenta út upplýsingar um öikumann virka aðeins ef viðkomandi kort er í. Þannig birtist t.d. valmyndarliðurinn "Útþrentun ökumaður 2" aðeins ef öikumannskort er í kortarauð-2.

► Ef ökutækið er kyrrstætt

Innan fyrsta valmyndarþrepsins er hægt að þrýsta á hnappana **(a)** / **(b)** og kalla fram eftirfarandi upplýsingar:

- Nákvæma tíma af öikumannskortunum í tækjunum.
 - Stuðningsaðgerðir vegna frekara daga-/vikuskipulags með hjálp VDO teljarans *.
 - Nánari upplýsingar sjá "VDO Counter" frá síðu 52.
 - UTC-tímann og dagsetningu sem og tímamismuninn sem stilltur hefur verið inn (Offset) fyrir staðartímann.
 - Valmyndina fyrir stillinguna á tungumálinu sem óskað er eftir.
- ➔ Sjá "Tungumál stillt" á síðu 51.

- Með takka **(a)** kemst þú beint til baka í staðalsýn **(a)**.

Með því að þrýsta á hnappinn **(b)** er hægt að kalla fram umfangsmiklu valmyndaraðgerðirnar.

➔ Sjá "Yfirlit yfir uppbyggingu valmynda" á síðu 56.

Skipt um aðgerð


1. Styðjið á aðgerðahnapp "1"/"2", þá birtist staðalskjámynd **(a)**.
2. Hægt er að breyta eftir þörfum hvaða aðgerð er sýnd. Að 5 sekúndum liðnum skiptir DTCO 1381 aftur yfir á fyrri skjámynd.

► Upplýsingar við upphaf aksturs

Við upphaf aksturs sést sú staðalsýn sem síðast var stillt inn, **(a)**, **(b)** eða **(c)**.

➔ Nánari upplýsingar sjá "Venjuleg(ar) skjámynd(ir)" á síðu 19.

► Tímar á öikumannskortinu birtir



Birting gagna öikumanns-1 og -2

(a) Tímar öikumanns-1

(b) Tímar öikumanns-2


- (1) Aksturstími "e" bílstjóri-1 frá gildum hvíldartíma.
- (2) Lögbundin hvíldartími "##" sem hlutahvildir frá a.m.k 15 mínútum og eftirfarandi 30 mínútum, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 561/2006.
- (3) Samtals aksturstími í tvöfaldri viku
- (4) Tími sem innstillta athöfnin hefur varað

☞ Ef öikumannskort vantar birtast tímar (ekki í st. 3) sem eiga við viðkomandi kortarauf "1" eða "2".

► Tungumál stillt

☞ Athugið sérstaklega hlutann "Stilling tungumáls vistuð", þannig að DTCO 1381 muni tímabundið hvaða tungumál á að nota.

1. Veljið með ▲ / ▼ hnöppunum aðgerðina "Tungumál veljið?" og ýtið á hnappinn OK.
2. Veljið tungumál með hnöppunum ▲ / ▼ og staðfestið valið með hnappinum OK.



Tungumál valið

3. Í 3 sekúndur tilkynnir DTCO 1381 um aðgerðina á tungumálinu sem var valið.

Stilling tungumáls vistuð

Ef einungis öikumanns- eða fyrirtækiskortið er í kortarauf-1 þegar tungumálið er stillt, tengir DTCO 1381 tungumálið við kortanúmerið.

Næst þegar ökuritakortið er tekið úr / sett í er valmyndarleidsögnin og allir textar á þessu tungumáli.

DTCO 1381 tekur frá allt að fimm minnisnúmer. Ef öll minnisnúmerin eru í notkun er skrifað yfir elsta vistaða gildið.

■ VDO Counter *



Vinsamlegast athugið!

Vegna hugsanlegra mismunandi túlkana eftirlitsyfirvalda í hverju landi fyrir sig á umferðarlöggjöfnum (EU) 561/2006 og fyrirmælum AETR og vegna fleiri kerfislaegra takmarkana leysir VDO Counter notanda ekki undan þeirri skyldu að gera sér grein fyrir aksturs-, hvíldar-, bakvaktar- eða hverjum öðrum vinnutíma og meta hann hverju sinni þannig að hægt sé að fara að gildandi fyrirmælum. VDO Counter er ekki ætlað að sýna nákvæmlega almenn lagaleg fyrirmæli með öyggjandi hætti. Nánari upplýsingar vegna VDO Counter-rita er að finna undir www.fleet.vdo.com.

6




Til að VDO Counter sýni réttar upplýsingar eru eftirfarandi skilyrði vegna úrvinnslu gagnanna bráðnaðsynleg:

- Fullkomin skráning aðgerða þinna í ödukortið.

- Rétt stilling núverandi aðgerðar - ekki röng stilling. Til dæmis ef aðgerðin vinnutími "x" var óvart stillt í stað daglegs hvíldartíma "h".
- Innstilling á ferja/lest og núverandi aðgerð hennar.

► Uppbygging skjámyndar VDO Counter



VDO Counter: Uppbygging skjámyndarinnar



Blikkandi "h" þýðir að þessi skjáhluti er virkur sem stendur.

(1) Virk valaágerð

(2) "?" = Notkunarleiðbeiningar

Á ökumannskortinu eru tímabil óþekktara aðgerða vistuð með "?" eða ónæg gögn skráð (t.d. nýtt ökumannskort tekið í notkun).

VDO Counter metur aðgerðir sem vantar, eins og aðgerðina "h". Ef tímaskráningar aðgerða ökumanns sem máli skipta skarast birtist slíkt á skjánum með táknum "!" eða "!" í stað táknsins "?" og aðgerð ökumanns.

(3) Akstur tími sem eftir er "0H"

Við akstur sýnir skjárinn hve lengi þú mátt aka í viðbót.

(0H00h00 = Akstur tíma lokið)

(4) Tími aksturhlés sem eftir er "HH"

Lengd næsta aksturhlés- / hvíldartíma. Við stillinguna aðgerð "h" á sér stað afturábaktalning þess tíma sem eftir er af aksturshléi-/hvíldartíma.

(HH00h00 = hléi lokið)

(5) Akstur tími framundan "HH0"

Lengd akstur tíma að loknu(m) aksturshléi- /hvíldartíma sem mælt er með.

(6) Seinasta upphaf daglegs hvíldartíma "+H"

Til dæmis þegar stillt er á "x" sést sá tími sem eftir er fram að upphafi nauðsynlegs daglegs hvíldartíma.




(7) Upphaf næsta aksturstíma "h" "a"

Þú mátt ekki hefja næsta akstur fyrr en að loknum þessum tíma.

► **Upplýsingar meðan á akstri stendur**




Vinsamlega hafðu í huga gildandi reglur í landinu varðandi vinnutímal

Dæmi 1:


Aðgerð "a"; "h" = virk skjámynd

- (1) Aksturstími sem eftir er.
- (2) Í síðasta lagi að loknum aksturstíma (1) verður að taka hlé eða halda áfram uppsöfnuðum hléum.

Dæmi 2:


Aðgerð "a"; "h" = virk skjámynd

- (3) Í síðasta lagi að loknum aksturstíma (1) verður að taka lögbundna daglega hvíld. Ef leyfilegt er getur þessi hvíldartími verið í tveimur hlutum og verður þá seinni hlutinn að vera samfelldur í að minnsta kosti 9 klukkustundir.

Dæmi 3:


Aðgerð "a"; "h" = virk skjámynd

- (4) Í síðasta lagi að loknum aksturstíma (1) verður regluleg vikuleg hvíld að eiga sér stað, eða ef við á, stytt vikuleg hvíld.

Dæmi 4:

Aðgerð "a"; "h" = virk skjámynd

- (5) VDO Counter skynjar veru um borð í ferju/lest. Skilyrði: Rétt innstilling þessarar aðgerðar, ► sjá síðu 63. Í síðasta lagi að loknum aksturstíma (1) ætti framhald daglegs hvíldartíma að eiga sér stað.

Dæmi 5: OUT of scope (utan sviðs)

Aðgerð "a"; stilling Out of scope


- (6) Skjámynd þess tíma sem eftir er af aksturstíma er óvirk ("h" blikkar ekki), taling til baka á sér ekki stað. VDO Counter metur aðgerðina "a" rétt eins og aðgerðina "x".



Vinsamlegast athugið að útreikningur öku- og hvíldartíma í VDO Counter-rita gerist samkvæmt reglugerð (ESB) 561/2006 og ekki samkvæmt EB-reglugerð (EES) 3821/85 viðauka I B. Þar af leiðandi geta komið fram frávik frá staðalskjámyndum í DTCO; ► sjá síðu 19.

► Skjámyndir við aðgerðina "hlé"


Dæmi 1: Aksturshlé



Aðgerð "H"; "h" = virk skjámynd

- (1) Tími aksturshlés sem eftir er.
- (2) Aksturstími sem eftir er ef aksturshléi (1) er ekki notaður.
- (3) Lengd næsta lausa akurstíma að loknu tilkynntu aksturshléi (1).
- (4) Aksturstími sem er til reiðu eftir gilt aksturshlé.


Dæmi 2: Aksturshlé



Aðgerð "H"; "h" = virk skjámynd

- (5) Tími aksturshlés sem eftir er.
- (6) Lengd þess lausa daglega akurstíma sem er til reiðu að loknu aksturshléi (5).


Dæmi 3: Daglegur hvíldartími



Aðgerð "H"; "h" = virk skjámynd

- (7) Daglegur hvíldartími sem eftir er. Skipt í 3 + 9 klukkustundir ef leyfilegt er

Dæmi 4:



Aðgerð "H"; "h" = virk skjámynd


- (8) Lok gilds aksturshlés- /hvíldartíma. Skjámyndin 00h00 blikkar í 10 sekúndur. Ef hvíldartíma er haldið áfram skiptir VDO Counter-riti yfir á lengd næsta sólarhrings- eða vikuhvíldartíma.
- (9) Upphaf næsta akurstíma. Aðstæður: Hámarksakurstíma einnar viku, eða eftir atvikum, tveggja samliggjandi vikna hefur þegar verið náð. Þótt tekið hafi verið hlé skv.

gildandi reglum sýnir VDO Counter að ekki er mögulegt að hefja akstur fyrr en að liðnum þeim tíma sem sýndur er!

► Skjámynd við aðgerðina "vinnutími"



Vinsamlega hafðu í huga gildandi reglur í landinu varðandi vinnutíma!



Aðgerð "*"; "h" = virk skjámynd


- (1) Lengd næsta daglega hvíldartíma.
- (2) Aksturstími sem eftir er.
- (3) Upphaf næsta daglega hvíldartíma. Dagleg hvíld verður að hefjast í síðasta lagi að loknum þeim tíma sem sýndur er.

Athugasemd:

VDO Counter metur aðgerðina "H" meðan á aksturshléi stendur, rétt eins og aðgerðina "H" (utan daglegs hvíldartíma).

Með tökkum ▲ / ▼ er hægt að kalla fram frekari upplýsingar.


► Sýna dagleg gildi



Aðgerð "x/□"; "h" = virk skjámynd

- (1) Kennimerki fyrir skjámynd daglegs gildis.
- (2) Daglegur aksturstími sem eftir er.
- (3) Lengd næsta daglega hvíldartíma.
- (4) Dagleg hvíld verður að hefjast í síðasta lagi að loknum þeim tíma sem sýndur er.

► Sýna vikugildi




Aðgerð "x/□"; "h" = virk skjámynd

- (1) Kennimerki fyrir skjámynd vikugilda frá síðasta vikulega hvíldartíma.
- (2) Aksturstími sem eftir er í vikunni
- (3) Lengd vikulegs hvíldartíma.
Það verður að taka vikulegan hvíldartíma í síðasta lagi að loknum sex dagleiðum.
- (4) Vikuleg hvíld verður að hefjast í síðasta lagi að loknum þeim tíma sem sýndur er.



Slökkt getur verið á skjámyndum vikuhvíldartíma (3) og (4) í farþegaakstri yfir landamæri.

► Stöðuvísir



VDO Counter, stöðuvísir


- (1) Kennimerki fyrir stöðuvísi
- (2) Stöðuvísir vegna tveggja bílstjóra áhafnar (multi-manning).



Slökkt getur verið á skjámynd stytts vikuhvíldartíma (5) í farþegaakstri yfir landamæri.

- Birtist ef frá upphafi vinnutíma er um að ræða teymisvinnu. Þær reglur sem gilda um þetta fyrirkomulag eru innbyggðar í útreikninga VDO Counter.
- (3) Í þessari viku eru enn til staðar tveir takmarkaðir daglegir hvíldartímar (hámark 3x í viku).
 - (4) Í þessari viku er enn til staðar einn lengdur aksturstími að hámarki 10 klst. (hámark 2x í viku).
 - (5) Jöfnun á styttem, vikulegum hvíldartíma.
Vegna stytts, vikulegs hvíldartíma verður að jafna uppgefinn tíma með hvíldartíma sem nemur að minnsta kosti 9 klst.

■ Yfirlit yfir uppbyggingu valmyndar



► Vafrað í valmyndaraðgerðunum


☞ Valmyndaraðgerðirnar er eingöngu hægt að kalla fram þegar ökutækið er kyrrstætt!

Svissið á ökutækinu ef ætlunin er að prenta út eða birta gögn með ADR-gerðinni *.

Vafrið fer alltaf fram á sama hátt og er lýst ýtarlega hér á eftir.


1. Ýtið á **OK** hnappinn, þú ert komin í 1. aðalvalmyndina. Aðalvalmynd 1. um skjá- og prentvalmyndir birtist eftir því hvaða ökumannskort eru í kortarauf-1 og -2:
 - Ef ökumannskort er í kortarauf-1 birtist "Útrentun ökumaður 1".
 - Ef ökumannskort er í kortarauf-2, en kortarauf-1 tóm, birtist "Útrentun ökumaður 2".
 - Ef engin ökumannskort eru til staðar birtist "Útrentun ökutæki".

Þetta á ekki við um innsláttarvalmyndirnar.



1. Aðalvalmynd

Blickið í 2. línu (sýnt með skáletri) (1) gefur til kynna að frekari valkostir standi til boða.



Flett í aðalvalmynd


2. Með hnöppunum **▲** / **▼** skal velja þá aðalvalmynd sem óskað er eftir, til að mynda útrentun með upplýsingum um ökutækið (2), og staðfesta valið með hnappinum **OK**.



Valmyndaraðgerð valin


Valin aðalvalmynd (3) birtist, mögulegar aðgerðir blikka í línu 2. (4).

3. Með hnöppunum **▲** / **▼** skal velja þá virkni sem óskað er eftir, til að mynda útrentun með upplýsingum um dag (4), og staðfesta valið með hnappinum **OK**.



Dagur valinn

4. Með hnöppunum **▲** / **▼** skal velja þann dag (5), og staðfesta valið með hnappinum **OK**.






"Nei" = Útrentun á staðartíma

5. Með tökkum  /  velur þú tegund útprentunar og staðfestir valið með takka .

Í 3 sekúndur birtir DTCO 1381 upplýsingar um að prentun sé hafin. Ef nauðsynlegt er hægt að hætta við útprentun.

➔ *Nánari upplýsingar sjá "Prentun stöðvuð" á síðu 47.*

Að því loknu birtist síðasta virka valmynd.


6. Veljið frekari útprentanir með hnöppunum  / .
7. Eða styðjið á  hnappinn og skiptið tilbaka yfir í næstefsta valmyndarþrep.

6

➔ Aðgengi að valmynd læst!

Aðgengi að gögnum læst

Aðgengi að vistuðum gögnum fer eftir ákvæðum í reglugerðinni og fer fram með viðeigandi ökuritakortum. Á eftirfarandi hátt kemur fram ef aðgangsheimild er ekki fyrir hendi:



Gögnin sem sýnd eru birtast í brotum. Persónuleg gögn eru falin að hluta eða öllu leyti.

➔ Farið úr valmyndaraðgerðum


Sjálfvirkt





Við eftirfarandi aðstæður er farið sjálfkrafa úr valmyndinni:

- Eftir að beðið er um ökuritakort eða kort sett í
- eða þegar ekið er af stað.

Handvirkt

1. Styðjið á hnappinn , þar til eftirfarandi spurning birtist:



2. Veljið "Já" með hnöppunum  /  og staðfestið með hnappinum . Einnig er hægt að hlaupa yfir spurninguna með  hnappinum. Venjulega skjámyndin (a) birtist.

■ Aðalvalmynd Útrentun Ökumaður-1 / Ökumaður-2


Í þessari aðalvalmynd er hægt að prenta út gögn af ökumannskortinu sem er í tækinu.

Veljið uppgefnar aðgerðir skref fyrir skref.

☞ Svissið á ökutækinu með ADR-gerðinni *.


Athugasemd

Aðgerðaröðin er sú sama fyrir ökumann-2 og ökumann-1 og er því ekki lýst sérstaklega. Fyrir hverja prentun getur þú valið þá prentunartegund sem þú óskar.




"Nei" = Utrentun á staðartíma

► Dagsgildi prentað út




Allar aðgerðir dagsins sem var valinn eru prentaðar út; ➔ sjá síðu 93.

► Atvik prentuð út



Atvik og bilanir sem eru vistuð eða standa enn yfir eru prentuð út; ➔ sjá síðu 94.

► Prenta athafnir




Frá völdum dag fer fram prentun allra athafna síðustu 7 vikudaga; ➔ sjá síðu 98.

■ Aðalvalmynd Útrentun Ökutæki

Í þessari aðalvalmynd er hægt að prenta út gögn úr minninu.

Veljið uppgefnar aðgerðir skref fyrir skref.

 Svissíð á ökutækinu með ADR-gerðinni*.

Athugasemd

Fyrir hverja prentun getur þú valið þá prentunartegund sem þú óskar.

6

```

Útrentun á
UTC tíma   Já
UTC tíma   Nei
  
```

"Nei" = Útrentun á staðartíma

► Dagsgildi prentað út úr minninu

1. Útrentun
A¶ ökutæki
2. A¶ ökutæki
24hA¶ Dassetnins

```

3. 24hA¶ Dassetnins
    25.10.2015
    24.10.2015
  
```

Allar athafnir ökumanns eru prentaðar út í rétttri timaröð; í sitt hvoru lagi fyrir ökumann-1 / ökumann-2; ➔ *sjá síðu 95.*

► Atvik prentuð út úr minninu

1. Útrentun
A¶ ökutæki
2. A¶ ökutæki
!xA¶ Atvik

Atvik og bilanir sem eru vistuð eða standa enn yfir eru prentuð út; ➔ *sjá síðu 96.*

► Yfirhraði prentaður út

1. Útrentun
A¶ ökutæki
2. A¶ ökutæki
>>¶ Yfirhraði

Prentuð eru út þau tilvik þegar ökuhraðinn var meiri en hraðagildið sem stillt er inn á DTCO 1381; ➔ *sjá síðu 97.*

► Tæknilegar upplýsingar prentaðar út

1. Útrentun
A¶ ökutæki
2. A¶ ökutæki
Tø¶ Tækni uppl.

Upplýsingar um kennimerki ökutækisins, kennimerki skynjara og kvörðun eru prentaðar út; ➔ *sjá síðu 97.*

► Prenta v-skýringarmynd

1. Útrentun
A¶ ökutæki
2. A¶ ökutæki
ulv¶ v-Skýringsarm
3. ulv¶ v-Skýringsarm
25.10.2015
24.10.2015

Frá völdum degi fer fram prentun yfir hraðaferlið; ➔ sjá síðu 98.

► Prenta stöðu D1/D2 *

1. Útrentun
A¶ ökutæki
2. A¶ ökutæki
ulD¶ Staða D1/D2

3. ulD¶ Staða D1/D2
25.10.2015
24.10.2015

Frá völdum degi fer fram prentun stöðu-inganga síðustu 7 vikudaga; ➔ sjá síðu 98.

► Hraðayfirlit prentuð út *

1. Útrentun
A¶ ökutæki
2. A¶ ökutæki
%v¶ v-Uppsetning
3. %v¶ v-Uppsetning
25.10.2015
24.10.2015

Yfirlit yfir hraða sem ekið var á er prentað út; ➔ sjá síðu 99.

► Snúningshraðayfirlit prentuð út *

1. Útrentun
A¶ ökutæki
2. A¶ ökutæki
%n¶ n-Uppsetning
3. %n¶ n-Uppsetning
25.10.2015
24.10.2015

Yfirlit yfir snúningshraða vélarinnar er prentað út; ➔ sjá síðu 99.

■ Aðalvalmynd Innfærsla Ökumaður-1 / Ökumaður-2

Hægt er að færa inn land hvort sem ökumanskortið er í tækinu eða ekki.



Samkvæmt reglugerðinni verða ökumaður-1 og ökumaður-2 að færa inn landið sem vaktin hefst í og landið þar sem vaktinni lýkur í sitt hvoru lagi.

Athugasemd

Aðgerðaröðin er sú sama fyrir ökumann-2 og ökumann-1 og er því ekki lýst sérstaklega.

6

► Upphaf Land fært inn

Veljið eftirfarandi aðgerðir skref fyrir skref:

1.
 - ▼
2.
 - ◆
3.
 -
 -
4.
 -

Ef við á verður sjálfkrafa farið fram á að landssvæðið sé fært inn (skref 4).

► Lok Land fært inn

Veljið eftirfarandi aðgerðir skref fyrir skref:

1.
 - ▼
2.
 - ◆
3.
 -
 -
4.
 -

Ef við á verður sjálfkrafa farið fram á að landssvæðið sé fært inn (skref 4).

■ Aðalvalmynd Innfærsla Ökutæki

Í þessari aðalvalmynd er hægt að færa inn eftirfarandi.

► Out Byrjun / Lok fært inn

Ef ökutækið er á ferð fyrir utan svæðið sem reglugerðin gildir á er hægt að stilla inn virknina "out of scope" eða ljúka henni aftur.

Veljið eftirfarandi aðgerðir skref fyrir skref.

1.
A> ökutæki
2.
OUT+ Byrjun
- +OUT Lok

Stillingin "out of scope" fer sjálfkrafa af um leið og öikumanskort er sett í eða tekið úr kortarauf.

► Byrjun Ferja / Lest fært inn

Færa skal til bókar flutning farartækisins með ferju eða lest um leið og farartækinu hefur verið komið þar fyrir.



Ferja/lest í tengslum við VDO

Counter-rita*: Athugið að innsláttur við upphaf "Ferja/lest" þarf alltaf að gerast milli upphafs fyrstu og loka annarrar hvíldartímaraðar. Að öðrum kosti nemur kerfið ekki sólarhringshvíldartímamann rétt.

Veljið eftirfarandi aðgerðir skref fyrir skref.

1.
A> ökutæki
2.
á Ferja/Lest

3. Hættið síðan núverandi aðgerð.

Sjálfkrafa er hætt að skrá flutning ökutækisins um leið og ökuriti DTCCO 1381 hefur skráð mínútu í keyrslu.



Táknið "A" slokknar sjálfkrafa þegar öikumannsskífa er sett í eða tekin úr.



Táknið "A" hættir að birtast þegar ökutæki hreyfist. Skjámynd birtist þó aftur þegar ökutæki stöðvast án þess að ökuriti DTCCO 1381 hafi skráð mínútu í keyrslu.

► Staðartími stilltur

- 👁️ Kynnið ykkur fyrst kaflann "Tímastjórnun" áður en nokkrar breytingar eru gerðar!
- ➔ Sjá "Tímastjórnun" á síðu 84.

Veljið uppgefnar aðgerðir skref fyrir skref.

6

- Innsláttur
A> ökutæki
- A> ökutæki
* \oplus Staðartími
- UTC \oplus 27.03.2015
23:32 01:32*
23:32 01:02*
23:32 00:32*

Hægt er að stilla klukkuna á venjulegu skjámyndinni til samræmis við tímabeltið á hverjum stað og auk þess við upphaf eða endi sumartímans í ± 30 mínútna skrefum.



Hafið jafnframt í huga þau ákvæði sem gilda í þínu landi.

► Leiðrétting gerð á UTC

Í mesta lagi er hægt að leiðrétta UTC-tímamann um ± 1 mínútu á viku. Stærri frávik er aðeins hægt að leiðrétta á faggiltu verkstæði.

Veljið eftirfarandi aðgerðir skref fyrir skref:

- Innsláttur
A> ökutæki
- A> ökutæki
 \oplus UTC Leiðrétt.
- \oplus 23:32UTC
Leiðrétt. +1min
Leiðrétt. -1min



Ef frávik UTC-tímans á skjánum er meira en 20 mínútur skal leita til faggilts verkstæðis!



Þessi valmyndaaðgerð er læst við eftirfarandi kringumstæður:

- þegar framkvæmd er leiðrétting innan síðustu sjö daga

eða

- Þú reynir að leiðrétta UTC-tímamann á milli 1 mínútu fyrir eða eftir miðnætti.

Ef hún er valin birtist eftirfarandi ábending í 3 sekúndur.

\oplus UTC Leiðrétt.
ómösumles!


■ Aðalvalmynd Upplýsingar á skjá Ökumaður-1 / Ökumaður-2

Í þessari aðalvalmynd er hægt að birta gögn af ökumannskortinu sem er í tækinu.

☞ Með ADR-gerðinni * er eingöngu hægt að birta gögnin ef svissað er á ökutækinu.

Ábending um upplýsingar á skjá

Gögnin birtast á skjánum á sambærilegan hátt og á útprenti, nema hvað hver útprentuð lína (24 tákn) er sýnd í tveimur línur.




Dæmi um birtingu gagna

Ef flett er til baka með hnóppunum ▲ / ▼ þegar flett er í gegnum upplýsingarnar, er aðeins hægt að kalla fram u.þ.b. 20 undanfarandi útprentaðar línur. Farið er úr skjámyndinni með hnappinum ➔.


Athugasemd

Að kalla fram aðgerð er framkvæmd eins og útprentun og verður því ekki lýst hér sérstaklega. Eins er hægt að velja staðartíma fyrir allar upplýsingarnar.



"Nei" = Upplýsingar á staðartíma

Veljið skref fyrir skref mögulegar aðgerðir fyrir ökumann-1 eða ökumann-2.



Hægt er að birta allar athafnir valins dags þ.e allra vistaðra eða enn virkra atvika og bilanna með því að fletta.

■ Aðalvalmynd Upplýsingar á skjá Ökutæki


Í þessari aðalvalmynd er hægt að birta gögn úr minninu.

- Með ADR-gerðinni * er eingöngu hægt að birta gögnin ef svissað er á ökutækinu.

Ábending um upplýsingar á skjá

Gögnin birtast á skjánum á sambærilegan hátt og á útprenti, nema hvað hver útprentuð lína (24 tákn) er sýnd í tveimur línum.

6




Dæmi um birtingu gagna

Ef flett er til baka með hnöppunum ▲ / ▼ þegar flett er í gegnum upplýsingarnar, er aðeins hægt að kalla fram u.þ.b. 20 undanfarandi útprentaðar línur. Farið er úr skjámyndinni með hnappinum ↵.

Athugasemd

Að kalla fram aðgerðir er það sama og útprentunar og verður því ekki lýst hér sérstaklega. Eins er hægt að velja staðartíma fyrir allar upplýsingarnar.




"Nei" = Upplýsingar á staðartíma

Veljið skref fyrir skref mögulegar aðgerðir. Með því að fletta er hægt að:

- Birta allar athafnir ökumanns í tímaröð.
- Birta öll vistuð eða enn virk atvik og bilanir.
- Birta umframhraða stilltra hraðagilda.
- Birta gögn til stillingar ökutækis, kennimerki skynjara.

eða

- Birta númer fyrirtækiskortsins hins skráða fyrirtækis. Ef ekkert fyrirtæki er skráð, birtist "----".



Boð

Boð birtast

Yfirlit yfir atvik


Yfirlit yfir bilanir

Aksturstímaaðvaranir

Yfirlit yfir ábendingar um notkun

Service Only!

■ Boð birtast



Birting boða á skjá

- (1) Samsetning myndtákna, ef við á með númeri kortarafar
- (2) Ókóðuð lýsing boða
- (3) Villukóðar




Slysaþætta

Meðan á akstri stendur geta birst tilkynningar á skjánum. Einnig er mögulegt að ökumanskortinu sé kastað út sjálfvirkir vegna brota á öryggisreglum.

Mikilvægt er að ökumaður láti það ekki trufla sig og beini ávallt allri athygli sinni að umferðinni.


DTCO 1381 skráir stöðugt gögn tengd ökumanninum og ökutækinu og hefur eftirlit með virkni kerfisins. Bilanir í hluta tækisins eða stjórnbúnaði birtast samstundis á skjánum og er skipt í eftirfarandi hópa:

- ! = Atvik
- × = Bilun
- 𐄂 = Aksturstímaaðvörun
- 𐄂 = Ábending um notkun:

 Ef um kortatengd boð er að ræða birtist númer kortarafarinnar við hlið myndtáknansins.


► Einkenni boða

Atvik, bilanir

- Bakgrunnslýsing skjásins blikkar í u.þ.b. 30 sekúndur. Samtímis því birtist orsök bilunar með samsettri skýringarmynd, texta boðanna og villukóða.
- Þessi boð verður að staðfesta með hnappinum .

- Að auki vistar DTCO 1381 gögn tengd atviki eða bilun í minninu og á ökumanskortinu með þeim hætti sem reglugerðin segir fyrir um. Þessi gögn er hægt að kalla fram eða prenta út í valmyndinni.

Aksturstímaaðvaranir


- Með tilkynningu er ökumaður varaður við þegar hann er kominn fram úr leyfðum aksturstíma.
- Tilkynningin birtist með bakgrunnslýsingu og hana þarf að staðfesta með  hnappinum.


Ábendingar varðandi notkun

Ábendingarnar birtast án þess að bakgrunnslýsingin blikki og á þeim slokknar (fyrir utan nokkur skilaboð) eftir 3 til 30 sekúndur.





Mælir


Sé mælir innbyggður í ökutækinu, er vísað þar til tilkynninga "  " á DTCO 1381.

 Nánari upplýsingar er að finna í notkunarleiðbeiningum með ökutækinu.

► Boð staðfest

1. Styðjið á hnappinn , bakgrunnslýsingin hættir strax að blikka.
2. Þrýstið aftur á takka , þá hverfur tilkynningin og áður birt staðalsýn **(a)**, **(b)** eða **(c)** birtist.

Athugasemd

Ábendingar hverfa strax eftir fyrstu staðfestingu með hnappinum .



- Ef þú staðfestir ekki tilkynningu meðan á akstri stendur birtast til skiptis á 10 sekúndna fresti staðalsýnin og tilkynningin.
- Liggi mörg boð fyrir verður að staðfesta þau hvert á eftir öðru.



Virki ökuritinn ekki sem skyldi verður ökumaðurinn að skrifa niður á sérstakt blað eða bakhlið pappírsrúllunnar allar þær upplýsingar sem ökuritinn skráir eða prentar ekki lengur villulaust.
 ➔ Sjá "Athafnir handskrifaðar" á síðu 38.

■ Yfirlit yfir atvik



Endurtaki atvik sig stöðugt skal leita til faggilts verkstæðis!

Myndtákn / Orsök	Þýðing	Ráðstöfun
!⚠ Öryggisvilla	Eftirtaldar orsakir koma til greina: <ul style="list-style-type: none"> Villa í minni, öryggi gagna í DTCO 1381 er ekki lengur tryggt. Gögnin frá skynjaranum eru ekki lengur áreiðanleg. DTCO 1381 var opnað í óleyfi. 	Staðfestið boð.
!⚠1 Öryggisvilla	<ul style="list-style-type: none"> Læsing korts er biluð. DTCO 1381 nemur ekki ökuritakort sem áður var stungið rétt í. Vafi leikur á um hvort um rétt ökuritakort sé að ræða eða gögnin á ökuritakortinu eru óáreiðanleg. 	<p>Staðfestið boð.</p> <p>Verði DTCO 1381 var við brot á öryggisreglum, sem spillt gætu áreiðanleika gagnanna á ökuritakortinu, er því sjálfkrafa kastað út – einnig á ferð!</p> <p>Stingið ökuritakortinu aftur í eða látið athuga það.</p>
!⚡ Straumurrof	Spennan var aftengd eða rafstraumur DTCO 1381 / skynjara var of lágur eða of hár. Þessi boð geta einnig birst sé vélin ræst!	<p>Staðfestið boð.</p> <p>➡ Sjá “Viðbrögð við undir- / yfirspennu” á síðu 21.</p>
!⚠ Villa í skynjara	Samband við skynjara er í ólagi.	Staðfestið boð.
!⚠ Misræmi í hraðaboðum	Ósamræmi á milli tækis og og óháðrar merkjaveitu varðandi úrvinnslu á hreyfingu farartækisins. Mögulega var ekki stillt á aðgerðina (ferja/lest) meðan á flutningi stóð.	<p>Staðfestið boð.</p> <p>Farðu eins fljótt og auðið á viðurkennt verkstæði.</p>

Myndtákn / Orsök	Þýðing	Ráðstöfun
!⊗ Ekið án korts	Ekið var af stað án þess að sett hafi verið gilt ökumanskort í kortarauf-1. Boðin birtast einnig ef óheimil skífutalnaröð kemur fram við ísetningu á undan eða undir akstri. ➔ Sjá "Hamir DTCO 1381" á síðu 80.	Staðfestið boð. Stöðvið ökutækið og stingið gildu ökumanskorti í. Fjarlægja skal ef ástæða er til fyrirtækiskortið/eftirlitskortið úr DTCO 1381.
!⊗01 Innsetning á keyrslu	Ökumanskorti var stungið í eftir að ekið var af stað.	Staðfestið boð.
!⊗01 Yfirtími	Innstilti UTC-tími þessa ökurita er á eftir UTC-tíma fyrri ökurita. Neikvæður tímamismunur kemur til.	Staðfestið boð. Sjáið til þess að faggilt verkstæði yfirfari og lagfæri ökuritann með rangt stillta UTC-tímanum hið fyrsta.
!⊗1 Ósilt kort	Ökuritakortið er annað hvort útrunnið, enn ekki gilt, eða ekki hefur tekist að sannvotta það. Ef um er að ræða ökuritakort sem ógildist á milli daga er sjálfkrafa skrifað á það og því kastað út eftir að ökutækinu er lagt.	Staðfestið boð. Athugið ökuritakortið og stingið því aftur í.
!⊗⊗ Kortavilla	Bæði ökuritakortin mega ekki vera í DTCO 1381 samtímis! Til dæmis hefur fyrirtækiskorti verið stungið í ásamt eftirlitskorti.	Staðfestið boð. Fjarlegið viðkomandi ökuritakort úr kortaraufinni.
!⊗A1 Ólæst kort	Ökumanskortið var ekki fjarlægt úr síðasta ökurita á réttan hátt. Mögulega voru gögn tengd ökumanni ekki vistuð.	Staðfestið boð.
>> Yfirhraði	Ekið var yfir innstilltum leyfilegum hámarkshraða lengur en í 60 sekúndur.	Staðfestið boð. Dragið úr hraða.

■ Yfirlit yfir bilanir



Endurtaki bilun sig stöðugt skal leita til faggilts verkstæðis!

<i>Myndtákn / Orsök</i>	<i>Þýðing</i>	<i>Ráðstöfun</i>
xA Kerfisbilun	Alvarleg bilun í DTCO 1381, eftirtalдар orsakir koma til greina: <ul style="list-style-type: none"> Óvæntar villur í forriti eða vinnslutíma. Hnappar fastir eða stutt á þá lengi samtímis. Truflun í samskiptum við ytri tæki. Truflun í sambandi við mæli. Bilun við púlsútgang. 	Staðfestið boð. Skoða skal hnappana og athuga virkni þeirra. Athugið leiðslur eða virkni ytri tækja. Athugið leiðslur eða virkni mælisins. Athugið leiðslur eða virkni tengds stýritækis.
xA1 Kerfisbilun	<ul style="list-style-type: none"> Bilun í kortavélbúnaði, til dæmis læsing ekki á. 	Fjarlægið ökuritakortið og stingið því aftur í.
xA Villa í tímaskráningu	UTC-tími DTCO 1381 ekki raunhæfur eða gengur ekki eðlilega. Til þess að forðast ósamræmi gagna er ökumanns- / fyrirtækjakortum sem sett eru í hafnað!	Staðfestið boð.
xF Prentara villa	Rafstraumur til prentara rofnaði eða hitaskynjari fyrir prenthaus er bilaður.	Staðfestið boð. Endurtakið aðgerðina, svissið jafnvel af og aftur á áður.
xF Villa í niðurrhali	Truflun á meðan gögnum er hlaðið niður á ytra tæki.	Staðfestið boð. Endurtakið niðurrhal gagna aftur. Athugið leiðslur (t.d. laus tenging) eða ytra tæki.



Myndtákn / Orsök	Þýðing	Ráðstöfun
x11 Villa í skynjara	Skynjari sendi boð um innri bilun að lokinni sjálfsprófun.	Staðfestið boð.
xA1 IMS Villa	IMS = Independent Motion Signal. Aukalega, óháða hreyfimerkið er ekki til staðar eða er ekki til reiðu.	Staðfestið boð.
x11 Kortavilla	Á meðan ökuritakortið var lesið eða skrifað á það kom upp truflun í sambandi, til dæmis sökum óhreininda á snertum.	Staðfestið boð. Hreinsið snertur ökuritakortsins og stingið því aftur í.
x12 Kortavilla	Ef til vill er ekki hægt að skrá öll gögnin á ökumannskortið!	➔ Sjá "Ökuritakort hreinsuð" á síðu 12.

■ Aksturstímaaðvaranir

Myndtákn / Orsök	Þýðing	Ráðstöfun
4e1 Hvíld! 1e04h15 ■00h15	Þessi tilkynning birtist þegar samfelldur aksturstími hefur náð 04:15 klukkustundum.	Staðfestið boð. Gerðið ráð fyrir hvíld innan skamms tíma.
4e1 Hvíld! 1e04h30 ■00h15	Komið fram yfir leyfilegan aksturstíma! Þessi tilkynning birtist þegar samfelldur aksturstími hefur náð 04:30 klukkustundum.	Staðfestið boð. Takið stutta hvíld.




Vinsamlegast athugið!

DTCO 1381 skráir, vistar og reiknar út aksturstímann á grundvelli gildandi reglugerða. Tækið varar ökumanninn tímanlega við áður en hann fer yfir leyfilegan aksturstíma!

Þessi uppsafnaði aksturstími hefur hins vegar engin áhrif á lagalega túlkun á "órofum aksturstíma"!


Skjámynd VDO Counter*



Eftir staðfestingu á annarri "Aksturstímaaðvörðun" sýnir VDO Counter að aksturstími þinn er á enda (1). (Á ekki við Out of scope-keyrslu.)

Gerðu tafarlaust hlé á akstrinum.

■ Yfirlit yfir ábendingar um notkun

Myndtákn / Orsök	Býðing	Ráðstöfun
🔊 Vinsamlesast skráið	Sé ekkert fært inn við handvirka innfærslu, birtist þessi skipun.	Stýðjið á  hnappinn og haldið innfærslu áfram.
🔊 Útprintun ómöguleg	Ekki er hægt að prenta út sem stendur: <ul style="list-style-type: none"> • Þar sem svissað er af (ADR-gerð *), • prenthusinn er of heitur, • þar sem tengistaður prentara er upptekinn í gegnum annan virkan forgang, til dæmis útprintun, • eða að skömmtunarspenna er of há eða of lág. • Sem stendur er ekki hægt að birta upplýsingar á skjá, þar sem svissað er af (ADR-gerð *). 	Um leið og villan hefur verið lagfærð er hægt að fara fram á útprintun. Svissið á og kallið aftur fram þær upplýsingar á skjá sem óskað er eftir.
🔊 Útprintun seinkað	Printun er slitin í sundur eða seinkuð vegna þess að hitastig prenthausins er of hátt.	Bíðið þar til prentarinn hefur kólnað. Strax og leyfilegu ástandi hefur verið náð, er útprintuninni haldið sjálfkrafa áfram.
🔊 Skúffan opin	Þegar gefin er skipun um að prenta eða á meðan útprintun er í gangi greinir DTCO 1381 að prentaraskúffan er opin. Prentskipuninni er hafnað eða útprintunin stöðvuð.	Lokið skúffunni. Endurtakið prentskipunina.
	Þessi boð birtast einnig ef beðið er um ökuritakort úr kortarauf-2 á meðan prentaraskúffan er opin.	Lokið prentaraskúffunni og biðjið aftur um ökuritakortið.
🔊 Vantar pappír	Enginn pappír er í prentaranum. Prentskipuninni er hafnað eða útprintunin stöðvuð.	Ef það er sett innanvið eina klukkustund ný pappírskrúlla í heldur DTCO 1381 útprintuninni sjálfkrafa áfram.



Myndtákn / Orsök	Þýðing	Ráðstöfun
☒ ☒ Örnun ekki mösules	Beiðni um ökuritakort er synjað: <ul style="list-style-type: none"> • af því að hugsanlega er verið að lesa inn eða senda gögn, • beðið er aftur um rétt lesið ökuritakort innan skráðs mínútubils, • dagaskipti eiga sér stað samkvæmt UTC-tíma, • ökutækið er á ferð, • eða með ADR-gerðinni * er svissað af. 	Biðið þar til DTCO 1381 opnar fyrir aðgerðina eða lagfærið orsökina: Stöðvið ökutækið eða svissið á. Biðið því næst aftur um ökuritakortið.
☒ ☒ 1 Skránni ósamkvæm	Ósamræmi er í tímaröð dagsgagnanna sem skráð eru á ökumannskortið.	Þessi boð geta birst þar til ný gögn hafa verið skrifuð yfir það sem ekki var rétt skráð! Ef boðin eru stöðugt á skjánum skal láta athuga ökuritakortið.
☒ ☒ 1 Kortavilla	Við vinnslu ökuritakortsins kom upp villa. Ökuritakortinu er hafnað og því kastað aftur út.	Hreinsið snertur ökuritakortsins og stingið því aftur í. Birtist boðin á ný skal athuga hvort annað ökuritakort lesist rétt.
☒ ☒ 1 Röns kortaserá	Kortið sem sett var í er ekki ökuritakort. Kortinu er hafnað og því kastað aftur út.	Setjið gilt ökuritakort í.
☒ ☒ 1 Kerfisbilun	Bilun í kortavélbúnaði, til dæmis læsing ekki á.	Fjarlægið ökuritakortið og stingið því aftur í. ⇨

<i>Myndtákn / Orsök</i>	<i>Þýðing</i>	<i>Ráðstöfun</i>
⚠ Kerfisbilun	<ul style="list-style-type: none"> Bilun við púlsútgang. Um er að ræða alvarlega bilun í DTCO 1381 eða alvarlega tímavillu. Til dæmis óraunhæfur UTC-tími. Ökuritakortinu er hafnað og því kastað aftur út. 	<p>Athugið leiðslur eða virkni tengds stýritækis.</p> <p>Sjáið til þess að faggilt verkstæði yfirfari ökuritann eins fljótt og auðið er og skipta út ef nauðsynlegt þykir.</p> <p>Vinsamlegast athugið ábendinguna um viðbrögð við bilun í ökuritanum, ➔ <i>sjá síðu 69.</i></p>

Ábendingar til upplýsingar

<i>Myndtákn / Orsök</i>	<i>Þýðing</i>	<i>Ráðstöfun</i>
■ ensin boð!	<p>Ekki er hægt að kalla fram valmyndaraðgerðina, þar sem ...</p> <ul style="list-style-type: none"> ekkert ökumannskort er í tækinu eða fyrirtækis- / eftirlitskort er í tækinu. 	<p>Þessar ábendingar hverfa sjálfkrafa eftir 3 sekúndur. Engra ráðstafana er þörf.</p>
⚠ UTC Leiðrétt. ómósuleð!	<p>Ekki er hægt að kalla fram valmyndaaðgerðina.</p> <ul style="list-style-type: none"> UTC-tími var leiðréttur innan síðustu 7 daga. Þú reynir að leiðrétta UTC-tímamann á milli 1 mínútu fyrir eða eftir miðnætti. 	
Útprentun hafin ...	Svarmerki valinnar aðgerðar.	
Færsla seymd	Svarmerki um að DTCO 1381 hafi vistað innfærslu.	
Valmynd ómósuleð!	Ekki er hægt að birta nein gögn á meðan útprentun er í gangi.	

Myndtákn / Orsök	Þýðing	Ráðstöfun
Vinsamlessast bíðað!	Ökuritakortið hefur ekki verið lesið til fullnustu. Ekki er hægt að kalla fram valmyndaraðgerðir.	Þessar ábendingar hverfa sjálfkrafa eftir 3 sekúndur. Engra ráðstafana er þörf.
🚦 Stillina eftir dasa 18	Næsta reglubundna prófun er til dæmis eftir 18 daga. Ekki er hægt að taka tillit til nauðsynlegra prófana vegna tæknilegra breytinga! Frá hvaða degi þessi ábending á að birtast getur faggilt verkstæði forritað. ➔ <i>Nánari upplýsingar sjá "Prófunarskylda fyrir ökurita" frá síðu 85.</i>	
🚦1 Rennur út eftir dasa 15	Opið ökuritakort er til dæmis ekki lengur í gildi eftir 15 daga! Frá hvaða degi þessi ábending á að birtast getur faggilt verkstæði forritað.	
🚦1 niðurrhald í dösum 7	Næsta niðurrhal af ökumannskorti er tímabært eftir t.d. 7 daga (venjuleg stilling). Frá hvaða degi þessi ábending á að birtast getur faggilt verkstæði forritað.	

Vörulýsing

Hamir DTCO 1381

Ökuritakortin

Vistuð gögn


Tímastjórnun

Viðhald

Tæknilegar upplýsingar

Service only!

■ Hamir DTCO 1381



DTCO 1381 býður upp á fjóra hamir:

- Aksturshamur "A"
- Fyrirtæki "B"
- Eftirlitshamur "C"
- Kvörðunarhamur "D"

Allt eftir því hvaða ökuritakort er(u) í tækinu skiptir DTCO 1381 sjálfkrafa í eftirfarandi ham:

(1) Upplýsingar um ham á skjá

Hamir		Kortarauf-1				
		Ekkert kort	Ökumannskort	Fyrirtækiskort	Eftirlitskort	Verkstæðiskort
Kortarauf-2	Ekkert kort	Aksturshamur	Aksturshamur	Fyrirtæki	Eftirlitshamur	Kvörðunarhamur
	Ökumannskort	Aksturshamur	Aksturshamur	Fyrirtæki	Eftirlitshamur	Kvörðunarhamur
	Fyrirtækiskort	Fyrirtæki	Fyrirtæki	Fyrirtæki	Aksturshamur	Aksturshamur
	Eftirlitskort	Eftirlitshamur	Eftirlitshamur	Aksturshamur	Eftirlitshamur	Aksturshamur
	Verkstæðiskort	Kvörðunarhamur	Kvörðunarhamur	Aksturshamur	Aksturshamur	Kvörðunarhamur

Í þessum stillingum notar DTCO 1381 aðeins ökuritakortið sem er í kortarauf-1.

■ Ökuritakortin

Ökuritakortin sem lög mæla fyrir um eru fáanleg hjá opinberum stofnunum í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

▶ Ökumanskort

Með ökumanskortinu auðkennir ökumaðurinn sig gagnvart DTCO 1381. Ökumanskortið er notað við venjulegan akstur og gerir kleift að vista, birta eða prenta athafnir undir þessu auðkenni eða (einungis ef ökumanskortið er stungið í tækið) að hlaða því niður.

▶ Fyrirtækiskort

Fyrirtækiskortið auðkennir fyrirtæki og veitir aðgengi að gögnum þessa fyrirtækis. Fyrirtækiskortið gerir kleift að birta, prenta eða hlaða niður gögnum sem vistuð eru í minninu sem og á ökumanskortinu í tækinu. Þegar við á (einu sinni á tæki) innstilling á viðeigandi aðildarríki og löglegt kennimerki í DTCO 1381.

Jafnframt er sá möguleiki fyrir hendi að hala niður, með viðeigandi bílflota-stjórnunarkerfi, notkunargögn á

fjarstýrðan (remote) máta. Fyrirtækiskortið er ætlað fyrir eigendur og umráðamenn ökutækja.

▶ Eftirlitskort

Eftirlitskortið auðkennir opinberan starfsmann á vegum eftirlitsstofnunar (t.d. lögreglu) og veitir aðgang að minninu. Öll vistuð gögn og gögn á ökumanskorti í tækinu eru aðgengileg. Hægt er að birta þau, prenta þau eða hlaða þeim niður gegnum niðurhalstengið.

▶ Verkstæðiskort

Verkstæðiskortið fá starfsmenn faggilts verkstæðis sem hafa heimild til að forrita, kvarða, virkja og prófa tækið o.s.frv.

▶ Læsa ökuritakortunum


Ef DTCO 1381 samþykkir ökuritakort sem sett er í tækið kemur vélræn læsing í veg fyrir að hægt sé að taka kortið úr. Aðeins er hægt að taka ökuritakortið úr:

- ef ökutækið er kyrrstætt,
- að beiðni notanda,

- eftir að gögnin sem skilgreind eru í reglugerðinni hafa verið vistuð á ökuritakortið.

Sjálfvirkt útkast korts

Ef DTCO 1381 greinir bilun í kortalæsingunni reynir hann að flytja gögnin sem eru fyrir hendi yfir á ökuritakortið áður en því er kastað út sjálfkrafa. Í þessum tilvikum er ekki tryggt að upplýsingarnar á ökuritakortinu séu heildstæðar eða réttar.

 Upplýsingar um DTCO Update-skífur er að finna undir [sjá síðu 115](#).

► Aðgangsheimildir að ökuritakortunum

Aðgangsheimildir að gögnunum sem vistuð eru í minni DTCO 1381 eru bundnar með lögum og aðeins veittar með viðeigandi ökuritakorti.

		Án kortis	Ökumannskort	Fyrirtækiskort	Eftirlitskort	Verkstæðiskort
Útrentun	Upplýsingar um ökumann	X	V	V	V	V
	Upplýsingar um ökutæki	T1	T2	T3	V	V
	Stikagögn	V	V	V	V	V
Tilkynningar	Upplýsingar um ökumann	X	V	V	V	V
	Upplýsingar um ökutæki	T1	T2	T3	V	V
	Stikagögn	V	V	V	V	V
Aflæstur	Upplýsingar um ökumann	X	T2	V	V	V
	Upplýsingar um ökutæki	X	X	T3	V	V
	Stikagögn	X	X	V	V	V

Upplýsingar um ökumann = Upplýsingar á ökumannskortinu

Upplýsingar um ökutæki = Gögn í minni

Stikagögn = Gögn fyrir samræmingu tækisins/kvörðun

V = Ótakmörkuð aðgangsheimild

T1 = Athafnir ökumanns síðustu 8 daga án upplýsinga um auðkenni ökumanns

T2 = Auðkenni ökumanns einungis fyrir kortið í tækinu

T3 = Athafnir ökumanns viðkomandi fyrirtækis

X = Ekki hægt

■ Vistuð gögn

► Ökumannskort

- Gögn sem auðkenna ökumann.

Að loknum hverjum akstri eru eftirfarandi gögn vistuð:

- Notuð ökutæki
- Aðgerðir ökumanns, í venjulegum akstri a.m.k. 28 dagar.
- Land fært inn
- Atvik / bilannir sem komið hafa upp
- Upplýsingar um eftirlitsaðgerðir
- Sérþækar aðstæður, þar sem farartækið er í ferju/lest eða í Out of scope.

Ef ekki er meira rými í minninu skrifar DTCO 1381 yfir eldri gögn.

► Fyrirtækiskort

- Auðkennir fyrirtækið og heimilar aðgang að vistuðum gögnum þess.

Varðandi aðgerðir fyrirtækisins eru eftirfarandi gögn vistuð:

- Tegund athafnarinnar
 - Skrá / útskrá
 - Gögnum í minni hlaðið niður
 - Upplýsingum á ökumannskortinu hlaðið niður
- Tímabil (frá / til) sem gögnum var hlaðið niður um.
- Auðkenni ökutækis
- Auðkenni ökukorts þaðan sem gögnin eru hlaðin niður.

► Aðalminni

- Úrvinnsla aðgerða fer fram á almanaksmínútu-fresti, þar sem DTCO 1381 leggur mat á þá aðgerð sem ríkti í lengsta samfellda tíma á hverju tímabili.
- Matið á aðgerðum á sér stað á einnar mínútu fresti og metur DTCO 1381 lengstu samhangandi aðgerðina á hverju bili.

- DTCO 1381 getur geymt u.þ.b. 168 klukkustundir af hraðagildum í einnar sekúndu upplausn. Gildin eru skráð upp á sekúndu með upplýsingum um tíma og dagsetningu.
- Vistuð hraðagildi með hárrí upplausn (ein mínúta fyrir og ein mínúta eftir óvenjulega töf) hjálpa til við matið ef slys ber að höndum.

Eftirtalin gögn er hægt að lesa á Download Interface (Niðurhalsviðmót):

- Lögbundið niðurhal 24 klst,
- með sérstökum niðurhalsbúnaði, aðalminnið í heild sinni.


► VDO GeoLoc *

Velja má hvort hægt sé að skrá upplýsingar um staðsetningu og ökutæki.

➔ Sjá "VDO GeoLoc" á síðu 18.

■ Tímastjórnun

DTCO 1381 vistar byrjun og lok allra færslna um vinnutíma, tíma í viðbragðsstöðu, akstur tíma, hvíldartíma o.s.frv. á UTC-tíma.



Tímabelti í Evrópu

UTC-tíminn samsvarar tímabeltinu "0" á hnettinum sem skipt er upp í 24 tímabelti (-12 ... 0 ... +12).

Tíminn á skjámyndinni kemur frá framleiðanda í UTC-tíma stillingu.

Í valmyndinni er hægt að stilla staðartímann.

➔ Sjá "Staðartími stilltur" á síðu 64.

Tímabeltishliðrun	Ríki
00:00 (UTC)	UK / P / IRL / IS
+ 01:00 h	A / B / BIH / CZ / D / DK / E / F / H / HR / I / L / M / N / NL / PL / S / SK / SLO / SRB
+ 02:00 h	BG / CY / EST / FIN / GR / LT / LV / RO / TR / UA
+ 03:00 h	RUS

► Umreikningur í UTC-tíma

UTC-tími = Staðartími – (ZO + SO)

ZO = Tímabeltishliðrun

SO = Sumartímahliðrun (þegar sumartíma lýkur er ekki lengur þörf á þessari hliðrun)

(ZO + SO) = hliðrun stillt inn á DTCO 1381

Dæmi:

Staðartími í Þýskalandi = 15:30 (sumartími)

UTC-tími = Staðartími – (ZO + SO)
= klukkan 15:30 – (01:00 h + 01:00 h)

UTC-tími = 13:30 Klukka

■ Viðhald

► DTCO 1381 hreinsaður

Hreinsið hýsinguna, skjáinn sem og aðgerðahnappana með lítillga rökum klút eða með microfíber-hreinsíklút.



Ekki má nota gróf hreinsiefni eða leysiefni eins og þynni eða bensín.

► Prófunarskylda fyrir ökurita

DTCO 1381 þarfnast ekki fyrirbyggjandi viðhalds. Á að minnsta kosti tveggja ára fresti skal láta faggilt verkstæði prófa hvort DTCO 1381 starfar rétt.

Prófun er nauðsynleg, ef ...

- Breytingar hafa verið gerðar á ökutækinu, til dæmis snúningshraða eða ummáls dekkja,
- gert var við DTCO 1381,
- skráningarnúmer ökutækisins breytist,
- frávik UTC-tímans er meira en 20 mínútur.



Sjáið til þess að uppsetningarskiltið sé endurnýjað við hverja prófun og að á því komi fram tilskildar upplýsingar.

Tryggið að fæðispenna DTCO 1381 sé ekki rofin (t.d. ef rafgeymirinn er tekinn úr farartækinu) lengur en í 12 mánuði á meðan hinn uppgefni reynslutími er í gildi.

► Ráðstafanir þegar gert er við / skipt um DTCO 1381

Verkstæði sem hafa til þess heimild geta hlaðið niður gögnum af DTCO 1381 og afhent þau viðeigandi fyrirtæki.

